LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA – LENÍNISTANNA 10. tbl. 3. árg. 1974

Verð kr. 50

Frá Straumsvík

HARÐNANDI BARÁTTA KALLAR Á SJÁFSTÆÐA SKIPULAGNINGU

Þær gífurlegu kjaraskerðingar, sem dunið hafa yfir í s.l. mánuði, hafa leitt til vaxandi ólgu meðal verkamanna í Straumsvík. Kjaraskerðingin nemur nú þegar 40-50% og enn er ekki næstum séð fyrir endann á verðhækkununum. Verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði, sem er samningsaðili fyrir ófaglærða verkamenn í Straumsvík, efndi til funda um samningana þ. 12. október síðast liðinn. Það er alls ekki hægt að segja, að þessirfundir endurspegli ástandið í Straumsvík. Á fundina mættu alls um 40 manns eða aðeins 10% verkamanna í Straumsvík og umræður voru litlar. Ein af ástæðunum fyrir lélegri fundarsókn er sú, að sviksemi uppkeyptu verkalýðsforystunnar er að opinberast fyrir æ fleirum. Menn finna það, að verkalýðsforystan gerir ekkert annað en að slæva baráttuvilja þeirra, sem vilja berjast gegn kjaraskerðingum auðvaldsins.

Félagar úr KSML í Straumsvík tóku til máls á fundinum og gerðu verkalýðsbaráttuna að umræðuefni. Þeir bentu á, að undangengnir samningar, sem verkalýðsforystan hefur gert, hafa verið svikasamningar. Líka bentu þeir á, hvernig verkalýðsforystan er ekki að semja fyrir sjálfa sig, þar sem hún býr við allt aðra lífsaðstöðu en almennir verkamenn. Að síðustu komu þeir með svohljóðandi tillögu:

"Fundur með verkamönnum í Straumsvík ályktar: að sett verði á laggirnar samfylkingarnefnd, sem í ættu sæti einn kosinn fulltrúi frá hverri deild og hverri vakt. Til þessarar nefndar er stofnað til að almennir verkamenn hafi sjálfir yfirlit yfir og eftirlit með kröfum og samningagerð. Sérhver fulltrúi geri könnun á kjarakröfum viðkomandi deildar og vaktar og þessar kröfur verði þær kröfur, sem lagðar verði fram í komandi samningum. Samfylkingarnefndin fái fulltrúa í samninganefndinni og er samfylkingarnefndinni skylt að gefa skýrslur um gang samninganna til almennra verkamanna. Kosin verði hér á fundinum undirbúningsnefnd, sem sjái um framkvæmd kosninga á fulltrúum og að kalla saman samfylkingarnefndina til síns fyrsta fundar."



Sjálfstætt skipulag aðeins árangur af starfi

Þessi fundur gerði ekki annað en að staðfesta, að til svona samfylkingarnefndar verður ekki stofnað með yfirlýsingum eða ályktunum á verkalýðsfélagafundum. Það er nefnilega ekki í samræmi við raunveruleikann að bera fram ályktun eins og þessa, nema á undan hafi farið öflugur áróður fyrir samfylkingarnefnd af þessu tagi og hluti verkamanna hafi skilið nauðsyn slíkrar nefndar. Það er aðeins í gegnum starf og baráttu stéttvísra verkamanna, sem sjálfstæð skipulagning getur orðið að veruleika. Það sýndi sig líka, að margir af baráttufúsustu og meðvituðustu verkamönnunum í Straumsvík voru ekki mættir á fundinum.

FRH. Á BAKSÍÐU

SKÝLAUS KRAFA:

Slítið sambandinu við Saigon

VIÐURKENNIÐ BRÁÐABIRGÐA-BYLTINGARSTJÓRN S-VÍETNAM!

Eins og fram kom í síðustu Stéttabaráttu hefur íslenska ríkisstjórnin viðurkennt og tekið upp stjórnmálasamband við leppstjórn Bandaríkjanna í Suður-Víetnam. En þótt hún viðurkenni stjórn böðla og kúgara bænda og verkamanna á þeim svæðum, sem alþýðunni hefur ekki enn tekist að endurheimta sem sína réttmætu eign, veigrar hún sér við að viðurkenna stjórn alþýðunnar sjálfrar á frelsuðu svæðunum.

Bráðabirgðabyltingarstjórnin í Suður-Víetnam er eini réttmæti fulltrúi suður-víetnamskrar alþýðu. Eftir að Bandaríkjamenn viðurkenndu í reynd ósigur sinn í Suður-Víetnam með Parísarsamkomulaginu svonefnda hafa æ fleiri þjóðir orðið til að viðurkenna Bráðabirgðabyltingarstjórnina. Ekki einungis ríki þriðja heimsins og sósíalísku ríkin hafa orðið til að viðurkenna hana og taka upp stjórnmálasamband, heldur einnig fjöldi heimsvaldaríkja neyðst til að viðurkenna þær staðreyndir,

Það er skýlaus krafa allra framsækinna verkamanna og alþýðuvina og liður í stuðningi þeirra við hetjulega baráttu víetnömsku alþýðunnar, að íslenska ríkisstjórnin slíti umsvifalaust sambandinu við Saigon-klíkuna og taki upp viðræður við Bráðabrigðabyltingarstjórnina í S-Víetnam með stjórnmálasamband fyrir augum.

-/rb

Þessi hermaður var tekinn til fanga af þjóðfrelsishernum, eftir innrás Saigonhersins á eitt af frelsuðu svæðunum í Suður-Vietnam.

Dagsbrúnarforystan og Eimskip í bandalagi gegn verkamönnunum

VERKAMENN STÖNDUM SAMAN!

Margir muna sjálfsagt eftir andstöðu verkamanna á höfninni við samninga Dagsbrúnarforystunnar frá því í vor, en þá hafði Eðvarð Sigurðsson undirritað samningana að verkamönnunum forspurðum. Þessir samningar fólu m.a. í sér afnám kaffitíma eftir hádegið og aðrar kjaraskerðingar fyrir hafnarverkamenn. Þegar fundur hafnarverkamanna mótmælti samningunum, flýtti Eðvarð sér að bæta inn á samningana orðunum "með fyrirvara". Þó að þessi tilraun Dagsbrúnarforystunnar til að þjóna herrum sínum í stjórn Eimskipafélagsins hafi mistekist hörmulega, gáfust kapitalistarnir og bandamenn þeirra í Dagsbrúnarforystunni engan veginn upp. Nú stendur einmitt yfir fundur með hafnarverkamönnum þar sem lagðir eru fyrir þá samningar, sem fela í sér sömu kjaraskerðingarnar og hafnað var í vor.

Það að Dagsbrúnarforystan skyldi undirrita samninga við Eimskipafélagið án þess að bera samningana fyrst upp við verkamenn á höfninni, sýnir ljóslega að Eðvarð &co ætluðu sér að leika sama leikinn og þeir eru vanir að leika á almennum Dagsbrúnarfundum. En þeir gengu helst til langt í þeim efnum, þegar þeir ætluðu að semja um kjaraskerðingar á bak við verkamenn og koma þeim svo í gegn á fundi áður en menn hefðu fengið tækifæri til að átta sig á innihaldi þeirra. Þó að ólýðræðislegar aðferðir þeirra gagni þeim á almennum fundum, þar sem engin skipulögð andstaða er fyrir

FRH. Á BAKSÍÐU

Óttar Möller forstjóri Eimskip á tryggan stuðning vísan hjá Eðvarði Sigurðssyni formanni Dagsbrúnar, þegar Eimskip vill sundra hafnarverkamönnu og skerða kjör þeirra.



SEINUSTU FRÉTTIR

ÁÐUR EN BLAÐIÐ FÓR Í PRENTUN

Á fundi hafnarverkamanna í dag kl. fjögur (miðvikudag 6/11) kom fram mikil andstaða gegn svikasamningum Dagsbrúnarforystunnar og Eimskips. Samningarnir kveða á um aukið vinnuálag, meiri rekstrarsparnað og þeir sundra verkamönnum. Stór hluti hafnarverkamanna fordæmdi þetta og óskaði stjórninni norður og niður. Fundurinn hófst á því að Halldór Björnsson á skrifstofunni skýrði

FRH. Á BAKSÍÐU

HVER BORGAR?

Hreggviður Jónsson skriftafaðir. Frá hverjum þiggur hann laun?

Enn á ný hefur blómi íslensks afturhalds, með þá Hreggvið Jónsson og Albert Guðmundsson í fararbroddi, hrundið af stað undirskriftasöfnun til að safna "þögla meirihlutanum" í kringum afturhaldssjónarmið fjármálaauðvaldsins. Að þessu sinni er stefnt að því að festa í sessi áróðursmaskínu bandarísku heimsvaldastefnunnar á Keflavíkurflugvelli.

Það er ekki hægt að skoða þessa undirskriftasöfnun og þann áróður sem henni fylgir og henni er stefnt til öðruvísi en sem lið í hugmyndafræðilegri hervæðingu afturhaldsins. Undanfarið ár hefur fjármálaauðvaldið í sífellu hert árásir sínar gegn sósíalismanum, og stéttasamvinnuáróðurinn hefur verið allsráðandi í málgögnum þess. Morgunblaðið hefur birt hverja greinina á fætur annarri sem byggðar eru á "sönnum frásögnum" afturhaldsseggsins Soltsénitsins til að sanna að sósíalisminn inniberi ekki annað en kúgun og þrælkun, og sá sannleikur hefur einhvern veginn slæðst inn á síður blaðsins að á tíma Stalíns hafi helmingur íbúa Sovétríkjanna verið í fangabúðum en hinn helmingurinn hafi verið fangaverðir. Samfara þessu var undirskriftasöfnun "varins lands" þar sem aðaláhersla var lögð á þá hættu sem okkur stafaði af kommúnistum og hvernig það væri skilyrði fyrir því að landið héldist í byggð að við hefðum bandaríska herinn til að vernda okkur. Og auðvitað er vitnað óspart til þeirrar "staðreyndar" að við búum í "vestrænu lýðræðisríki" með "frjálsa menningu" og "jafnrétti á öllum sviðum."

Þannig hefur áróðursholskefla íhaldsins hellst yfir landsmenn á sama tíma og auðvaldsheimurinn stendur frammi fyrir djúpri kreppu, og stéttarvitund verkalýðsins fer vaxandi. Allur þessi áróður er til þess ætlað-

FRH. Á BAKSÍÐU

Leiðari

Verkalýðsfélögin og vinnustaðastarfið

Byltingarsinnað starf Kommúnistaflokks bolsévíkanna á tímum rússnesku byltingarhreyfingarinnar 1917 á að vera öllum raunverulegum marxískum-lenínískum flokkum til leiðsagnar hvernig heyja eigi árangursríka stéttabaráttu. Í sögu Bolsévíkaflokksins segir um afstöðu hans til starfsins í verkalýðsfélögunum og öðrum fjöldahreyfingum verkalýðsins. "Á þessu tímabili var starfsemi bolsjevíkaflokksins til fyrirmyndar um það, hvernig stjórna ber stéttarbaráttu verkalýðsins, hver form eða gervi sem hún kann að taka á sig. Flokkurinn stofnaði leynifélög gaf út forboðin flugrit, rak leynilega byltingarstarfsemi meðal fjöldans. Jafnframt tókst honum að auka áhrif sín innan þeirra verklýðssamtaka, sem lögleyfð voru. Flokkurinn stefndi að því að ná stjórn á verklýðsfélögum, alþýðuhúsum, kvöldháskólum, klúbbum og tryggingarsjóðum. Þessar lögleyfðu félagsstofnanir höfðu um langa hríð verið skálkaskjól upplausnarsinna. Bolsjevíkar tóku nú upp ósleitilega baráttu fyrir því, að þeim yrði breytt í áhrifastöðvar flokks vors."

Byltingarsinnaðir verkamenn starfa fyrst og fremst innan verkalýðsfélaganna í þeim megintilgangi að auka lýðræðið innan þeirra, virkja sem flesta félagsmenn í pólitísku og faglegu starfi og einnig til að berjast gegn gagnbyltingaröflum, undansláttarhugmyndum og leiguþýjum borgarastéttarinnar, hinum uppkeyptu skriffinnum í verkalýðsforystunni. Þetta eru þau meginverkefni, sem byltingarsinnaðir verkamenn setja sér með starfi sínu innan verkalýðsfélaganna. Með þessu starfi styrkjum við hinn kommúníska grundvöll, vinnum að því að vinna verkamenn á grundvelli baráttu þeirra sjálfra gegn borgarastéttinni og útsendurum hennar, þar sem þeir eru sjálfir virkir þátttakendur og jafnframt leiðandi. Í upphafi þessarar aldar stóð baráttan aðallega um tilveru og mótun verkalýðsfélaganna í hatrammri baráttu gegn innlendum auðherrum og ríkisvaldi þeirra. Þessa baráttu sigruðu verkamennirnir fyrir atorku og baráttuvilja flestra verkamanna. Upp úr hörðu stéttastríði og hatrömmum verkföllum sköpuðust verkalýðsfélögin, þar sem verkamennirnir voru sjálfir aflið, sem skapaði þau.

Á þessum tíma eignuðust verkamenn einnig sinn verkalýðsflokk, Kommúnistaflokk Íslands. Samfara faglegri virkni fór því einnig aukin pólitísk meðvitund. Það þarf því engan að undra, að hnignun verkalýðsfélaganna helst í hendur við að borgaralegum öflum tekst að umbreyta Kommúnistaflokknum í borgaralegan verkalýðsflokk. Þegar svo hafði farið um verkalýðsflokkinn var auðvelt fyrir þessi borgaralegu öfl að brjóta á bak aftur allan faglegan baráttuvilja alls fjölda verkamanna og breyta sjálfstæðu skipulagi verkamanna í skriffinnsku og samningamakk uppkeyptu verkalýðsforingjanna. Þess vegna sést í dag hvorki tangur né tetur af hefðum þess skipulags, sem barátta hinna byltingarsinnuðu verkamanna þriðja áratugsins hafði skapað. Það sem er því ráðandi í verkalýðsfélögunum í dag er skrifræði mútaðrar verkalýðsforystu, sem berst hatrammlega gegn öllu virku starfi óbreyttra verkamanna innan þeirra. Þessi leiguþý auðvaldsins kjósa í þess stað að stjórna verkamönnum ofan frá í samvinnu við atvinnurekendur og ríkisvaldið, þeir kjósa heldur að starfa með kapitalistunum heldur en verkamönnunum.

Verkalýðsforystan berst gegn allri sjálfstæðri skipulagningu verkalýðsins

Verkalýðsforystan hefur dregið stórlega úr lýðræðinu innan verkalýðsfélaganna, brotið á bak aftur allt sjálfstætt starf og skipulag verkamannanna sjálfra. Flestir Dagsbrúnarverkamenn þekkja hvernig umræður og tillögur baráttufúsra verkamanna eru kæfðar niður á fundum, hvernig skriffinnarnir í forystunni skerða ræðutímann og koma í veg fyrir að tillögur um aukið lýðræði og virkni félagsmanna séu bornar upp. Þannig berst forystan gegn lýðræðinu í verkalýðsfélögunum og kæfir allar pólitískar og faglegar kröfur verkamanna niður. Þó eru til þau tilfelli þar sem verkamennirnir hafa tekið frumkvæðið og hafið sjálfstæða baráttu eins og t.d. þegar steypukranamenn tóku í sínar hendur samninga um faglegar sérkröfur sínar síðast liðið vor. Eða þegar hafnarverkamenn ónýttu kröfur atvinnurekendanna og Dagsbrúnarforystunnar um aukið vinnuálag, sem síðustu samningar gerðu ráð fyrir. Það væri hægt að nefna fleiri dæmi um sjálfstæða skipulagningu verkamanna (eins og baráttu hafnarverkamanna á Akureyri, eða verkamanna í Runtal-ofnasmiðjunni). Það sem er þó mikilvægara, er að gera sér grein fyrir hvert er einkenni þessarar baráttu.

Það sem fyrst og fremst einkennir þessa baráttu er vaxandi fagleg meðvitund en ekki pólitísk og það að baráttan hefst á einstaka vinnustöðum fyrst, utan verkalýðsfélaganna í meira eða minna mæli. Það að sjálfstæð skipulagning verkamanna er fyrst og fremst faglegs eðlis er mjög eðlilegt þar sem ekkert pólitískt afl er til, sem getur leitt þessa baráttu til pólitísks uppgjörs við óvini verkalýðsins innan raða hans. Þess vegna tekst að halda baráttunni á faglegum grundvelli, sem ekki miðast við að taka upp vígorð, sem stefna út fyrir hina faglegu baráttu. Og að hún sé utan verkalýðsfélaganna er einnig eðlilegt, því hvar annars staðar en á vinnustöðunum ætti líka hin faglega meðvitund að eiga sér grundvöll. Þar er eini vettvangurinn, sem baráttufúsir verkamenn geta skipulagt sig sjálfstætt og það mætti jafnvel segja "ómeðvitað." Því að ekki geta þeir skipulagt sig í verkalýðsfélögunum og jafnvel í verkfalls- og baráttunefndunum á vinnustöðunum mæta þeir sama óvininum - verkalýðsforystunni, sem reynir að koma í veg fyrir öll afskipti verkamanna af stjórn verkalýðsfélaganna og kæfa niður sjálfstætt starf þeirra á vinnustöðunum.

Hvernig berjumst við fyrir því að endurheimta verkalýðsfélögin úr höndum uppkeyptu verkalýðsforystunnar?

Til að breyta ástandi verkalýðsfélaganna frá því að vera hemill á sjálfstæða skipulagningu og virkt starf baráttufúsra verkamanna í það að verða raunveruleg baráttutæki fyrir verkalýðsstéttina fyrir frelsi undan kapitalismanum, er langt tímabil, sem einkennist fyrst og fremst af baráttu gegn uppkeyptu forystunni, bæði skipulagslega og pólitískt. Þessi barátta verður bæði að fara fram á VINNUSTÖÐUNUM og í VERKALÝÐSFÉLÖGUNUM með stofnun samfylkingarliða. En þau miða starf sitt að því að berjast fyrir auknu lýðræði innan verkalýðsfélaganna og baráttu gegn kapitalismanum. Á vinnustöðunum verður óhjákvæmilega að vinna grunnstarfið að meira eða minna leyti fyrir starfið í verkalýðsfélögunum. Þar verða nefndir verkamanna að undirbúa þau sameiginlegu sjónarmið, sem þeir ætla að berjast fyrir á fundum í verkalýðsfélögum sínum. Aðeins á þennan hátt er hægt að berjast fyrir lýðræðinu innan verkalýðsfélaganna með því að tengja saman árangurinn af starfinu á vinnustöðunum við baráttuna í verkalýðsfélögunum. Það er því ekki hægt að vænta árangurs af starfinu í verkalýðsfélögunum nema að það hafi verið undirbúið á vinnustöðunum. Rauð andstöðulið innan verkalýðsfélaganna skapast nefnilega ekki bara með áróðri á fundum verkalýðsfélaganna heldur fyrst og fremst sem árangur af starfi kommúnistanna á vinnustöðunum, þar sem þeir vinna og einnig annars starfs, þar sem þeir reka reglubundið áróðursstarf.

Það er því verkefni okkar að skipuleggja þá andstöðu, sem nú þegar hefur komið fram sérstaklega á vinnustöðunum og einnig í verkalýðsfélögunum. Þess vegna megum við ekki neita neinum möguleika á formum fyrir kommúnískan áróður og starf, hvorki skæruverkföllunum né framboði til trúnaðarmannastarfs eða stjórna verkalýðsfélaganna.

4/11

UMRÆÐUHORNIÐ

Fræðileg umræða og skilgreining er lífsnauðsyn hverjum kommúnískum flokki. Án skoðanabaráttu og framþróunar fræðikenningarinnar getur flokkurinn ekki barist fyrir verkefnum sínum og leitt verkalýðinn til sigurs yfir borgarastéttinni. Eins og málum er háttað nú kemur fræðilegt málgagn KSML ekki út nema ársfjórðungslega, og það hefur sýnt sig að sá vettvangur er of takmarkaður fyrir umræðurnar sem eru samtökunum og framþróun fræðikenningarinnar nauðsynlegar. Ritstjórn Stéttabaráttunnar hefur því ákveðið að opna "Umræðuhornið"

Það er von okkar að sem flestir félagar, verkamenn og aðrir sem vilja vinna að framþróun stefnu KSML, sendi greinar í "hornið". Sökum plássleysis í blaðinu er æskilegt að greinarnar verði ekki mikið lengri en 1 1/2 vélrituð örk (A 4)

BANDAMENN TROTSKÝS

Grein ÓHS í 8. tölublaði skýrir vel út í hverju villur vinstri hentistefnunnar eru fólgnar, þ.e. ofmati á ástandi þjóðfélagsins og baráttu verkalýðsins. Í stað verkalýðsfélaganna, sem vegna þróunarástands síns eru óhjákvæmilega afturhaldssöm, vilja vinstri-róttæklingarnir skapa ný og byltingarsinnuð neðanjarðarverkalýðsfélög. Þeir vilja með öðrum orðum hoppa yfir núverandi afturhaldsástand verkalýðsfélaganna og lága meðvitund verkalýðsins á Íslandi og skapa í þeirra stað önnur, sem í eru ekki venjulegir íslenskir verkamenn, heldur fólk sem smíðað er í hugum róttæklinganna sjálfra - hinir fullkomnu byltingarsinnar.

Þessar hugmyndir þeirra eru ekkert nýnæmi, þær eru gamalkunnar í heimshreyfingu kommúnista. Ekki einasta vinstri kommúnistarnir þýsku, sem Lenín barðist hatrammlega gegn, heldur einnig Trotský, erkifjandmaður sósíalismans, eru boðberar þessa "barnasjúkdóms" kommúnismans. Þeir sem fylgst hafa með deilunum um verkalýðsfélögin, þekkja tal vinstri-róttæklinganna um að verkalýðsfélögin séu endanlega unnin úr höndum verkalýðsins, að verkalýðsfélagaforystan sé hemill á þróun byltingarinnar og því beri verkamönnum að leita út fyrir verkalýðsfélögin og heyja ólöglega verkfallsbaráttu. Sömu skoðun lætur Trotský í ljós í grein í Pravda, málgagni bolsévíkkanna 26. maí 1926:

> "Gervöll ´yfirbygging´ bresku verkalýðsstéttarinnar, af öllum gerðum og tegundum án undantekningar, er tæki til að hindra þróun byltingarinnar. Þetta mun til langframa valda þrýstingi hinnar sjálfsprottnu og hálf-sjálfsprottnu hreyfingar á ramma gömlu félaganna og myndun nýrra, byltingarsinnaðra félaga, sem afleiðing þessa þrýstings." (Pravda nr. 119, 1926)

J. Stalín svarar þessari kenningu Trotskýs á eftirfarandi hátt:

> "Annaðhvort er hér átt við, að nú þegar ríki tímaskeið beinnar byltingarþróunar og að við ættum því að setja upp sjálfstýrð samtök öreiganna í stað hinna "gömlu", í stað fagfélaganna - sem auðvitað er alrangt og heimskulegt. Eða þá að hér er átt við, að "til langframa" ættum við að vinna að því að setja "ný, byltingarsinnuð félög" í stað hinna gömlu fagfélaga.
>
> Þetta er ávarp um að skipuleggja, í stað fagfélaganna sem til eru, sömu "Byltingarfagfélög verkamanna" sem "últra-vinstri" kommúnistar í Þýskalandi börðust fyrir fyrir fimm árum, og sem félagi Lenín barðist harðlega gegn í bæklingi sínum "Vinstri róttækni - barnasjúkdómar kommúnismans". Þetta er raunverulega ávarp um að setja "ný" og vísast "byltingarsinnuð" félög í stað núverandi fagfélaga, og þar með ávarp um að fara út úr verkalýðsfélögunum.
>
> Er þessi pólitík rétt? Hún er grundvallarlega röng, vegna þess að hún er algerlega andstæð lenínísku aðferðinni við að leiða fjöldann." (Stalín: Works 8. b. bls. 186)

Eins og hér kemur skýrt fram, hafa vinstri-róttæklingarnir okkar skipað sér í flokk fjandmanna kommúnismans og gerst bandamenn Trotskýs og borgaranna. Aðferð þeirra er ekki samkvæmt lenínismanum, heldur samkvæmt trotskýismanum. Þó að vinstri-róttæklingarnir okkar þykist vilja starfa innan fagfélaganna (líklega af því að Lenín kvað vinstri kommúnistana í Þýskalandi svo eftirminnilega í kútinn á sínum tíma), þá bera allar kenningar þeirra að sama brunni - að fara út úr verkalýðsfélögunum og stofna ný, neðanjarðar byltingarfagfélög, sem starfi ólöglega. Þeir hafa hafnað lenínismanum og sokkið ofan í fen trotskýismans.

-/kg

Nýtt frá LENÍN-STALÍN forlaginu

Ut er kominn nýr bæklingur, Heimsvaldastefnan og klofningur sósíalismans, í útgáfu LENÍN-STALÍN forlagsins. Suma lesendur Stéttabaráttunnar rámar e.t.v. í það, að nú er liðið á annað ár síðan þessi bæklingur var fyrst auglýstur "væntanlegur." En nú er hann sem sagt kominn, með tveimur greinum eftir Lenín auk þeirrar, sem ritlingurinn dregur nafn sitt af. Þessar tvær viðbótargreinar eru Marxismi og endurskoðunarstefna og Skoðanaágreiningur í evrópskri verkalýðshreyfingu.

Um bæklinginn segir m.a. í formála:
"Í þeim þremur greinum Lenínis, sem hér eru birtar í fyrsta sinn á íslensku, fjallar hann á skýran og nákvæman hátt um uppruna, upphaf og orsakir endurskoðunarstefnunnar og hinna ýmsu tilbrigða hennar.

Þessar greinar eru sérlega þýðingarmiklar fyrir íslensku byltingarhreyfinguna í dag, einmitt þegar höfuðnauðsyn er á að draga hin raunverulegu tengsl milli borgarastéttarinnar og hentistefnunnar innan raða verkalýðsins fram í dagsljósið - tengsl, sem ákvarðast af efnahagslegum, hugmyndafræðilegum og pólitískum (eða taktískum) þáttum."

Stéttabaráttan hvetur lesendur sína til að kynna sér þessar greinar og læra af hinni marxísku-lenínísku aðferð til að greina og berjast gegn hentistefnunni innan raða verkalýðsins - nokkuð, sem íslenskir marxistar-lenínistar verða að tileinka sér í enn ríkari mæli.

Heimsvaldastefnan
og
klofningur
sósíalismans

Frá Reykjarvikurdeild KSML

Á næstunni mun Reykjavíkurdeild KSML halda skemmti- og fræðslufundi fyrir félaga og stuðningsmenn samtakanna. Fyrsti fundurinn verður í nóvember. Þá verður sýnd kvikmynd, sem gerð er eftir skáldsögu Gorkís, Móðirin Annar fundur er fyrirhugaður á eftir þeim fundi og mun þá verða fjallað um borgarastyrjöldina á Spáni. Staður og stund er ekki enn ákveðin - það verður auglýst síðar. Þeir sem áhuga hafa á að frétta meira af þessum fundum geta hringt í síma 27800 og leitað upplýsinga hjá deildarstjórn.

Hafið samband við KSML

Akureyri: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Birgir Guðmundsson, Skipagötu 2.

Ísafjörður: Stuðningsdeild KSML, Agnar Hauksson, Tangagötu 20 sími: 3651.

Húsavík: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Þórarinn Ólafsson, Uppsalavegi 21.

Neskaupsstaður: Ath. Nýtt heimilisfang umboðsmannsins: Magnús Sæmundsson, Urðarteig 21.

Ólafsvík: Fulltrúi KSML er Matthías Sæmundsson, Hjarðartúni 10.

Siglufjörður: Söluturninn Aðalgötu er með umboðssölu fyrir Stéttabaráttuna og Rauða Fánann.

Suðurnes: Stuðningsdeild KSML, Einar Jónsson, Sólvallagötu 40c, Keflavík.

Reykjavík: KSML Skólastræti 3B eða pósthólf 1357, sími 27 800. Fulltrúi samtakanna er til viðtals á opnunartíma Rauðu Stjörnunnar.

Gerist áskrifendur
að
RAUÐA FÁNANUM

STYÐJIÐ UPPBYGGINGU KOMMÚNISTAFLOKKSINS
Gefið í baráttusjóð KSML
Póstgíró 42000

KSML byggja að öllu leyti á stuðningi verkafólks og þeim framlögum sem það lætur af hendi rakna. KSML hafa nú látið gera baráttusjóðsseðla sem eru til sölu hjá félögum samtakanna.



Rauða Stjarnan
Bókabúð

RAUÐA STJARNAN
Skólastræti 3B, pósthólf 1357.
Opið mánudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 18.00-20.00, laugardaga kl. 10.00-12.00.
Áskorun til allra velunnara Rauðu stjörnunnar: Ef þið vitið af hentugu húsnæði, sem bókabúðin gæti tekið á leigu - hafið samband við bókabúðarstjórn á opnunartíma

STÉTTABARÁTTAN 10. tbl. 3. árg.
8. nóvember 1974.
Útg. Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Reykjavík
Sími: 27800
Ritstj, og ábm. :Hjálmtýr Heiðdal

Ritstjórn Stéttabaráttunnar hefur ákveðið að birta í framtíðinni greinar um baráttu íslensks verkalýðs og þá sérstaklega þær öreigasinnuðu hefðir sem Kommúnistaflokkur Íslands hélt á lofti á 4. áratugnum, allt fram til þess tíma að hentistefna sigraði marxísku-lenínísku línuna í flokknum og starfi hans var beint inn á brautir sósíaldemókratismans og þýlyndis við auðvaldið. Skilgetið afkvæmi þessara svika er í dag Alþýðubandalagið sem ljóst og leynt vinnur að skipulagningu auðvaldsframleiðslunnar, að aukinni kúgun og auknu arðráni á verkalýðnum.

Baráttusaga verkalýðsins er ekki kennd í skólum né öðrum áróðursmiðlum borgaranna heldur ríða lygar og falsanir þar öllum húsum, jafnt í augljósum árásum og loddaralegum sjónleikjum svikaranna í Alþýðubandalaginu og "fræðslu"námskeiðum sem uppkeypta ASÍ-forystan stendur fyrir.

Gegn þessu standa svo KSML, sem hafa reist rauða fánann á ný - fána hinnar byltingarsinnuðu öreigastéttar og hafið á loft bestu hefðir verkalýðsins.

Stéttaátökin 9. nóv. 1932

Þann 9. nóvember eru liðin 42 ár síðan verkalýð Reykjavíkur tókst undir forystu Kommúnistaflokks Íslands að hrinda einhverri svæsnustu tilraun auðvaldsins til að leiða hundruð verkamannafjölskyldna í hreinan hungurdauða - nokkuð sem því hefði tekist með aðstoð sósíaldemókratanna, ef ekki hefði verið fyrir hendi framvarðarflokkur undir leiðsögn fræðikenningar öreigastéttarinnar til að leiða fjöldann í varnarbaráttunni, en þannig flokkur var KFÍ -Kommúnistaflokkur Íslands-.

Tildrög málsins voru þau, að sumarið '32 var gífurlegt atvinnuleysi í Reykjavík sem og annars staðar á landinu, og fór ört vaxandi. Á almennum fundi í Dagsbrún og Sjómannafélaginu 6. júlí var svo samþykkt krafa frá kommúnískum verkamönnum um, að bæjarstjórnin stofnaði þegar til atvinnubótavinnu í stórum stíl. Daginn eftir var málið tekið upp í bæjarstjórninni, þar sem fulltrúar íhaldsins og uppkeyptu svikararnir í Alþýðuflokknum komust brátt að því, að "ekki væru til peningar" og því ekki um annað að ræða en að láta nokkur hundruð verkamannafjölskyldur dragast upp úr sulti. Mikill fjöldi verkamanna hafði safnast fyrir utan fundarstaðinn og þegar fréttist af þessari afgreiðslu málsins, hugðist verkalýðurinn sýna hug sinn til þessara morðingja og leitaði inngöngu. Var þá lögreglunni sigað á hann með kylfum og bareflum, fjöldinn var ekki vel viðbúinn þvílíkum ógnaraðgerðum og því var ákveðið eftir nokkurn bardaga að draga sig í hlé. Þessi fasíska árás leiddi til þess, að nokkrir verkamenn urðu fyrir varanlegu líkamstjóni og einn hlaut lömun. Boðaði KFÍ nú til fundar á Kalkofnsvegi, þar sem lagt var upp hvernig áframhald baráttunnar skyldi háttað og var alger eining meðal verkamanna um að ná fullum sigri í þessu máli. Árangurinn af þessari baráttu varð, að borgararnir sáu sér ekki annað fært en að samþykkja kröfur verkalýðsins af ótta við einhug verkamannanna og þá byltingarsinnuðu forystu, sem þeir höfðu **valið sér.**

Eftir að samþykkja...

fundurinn hefðist að nýju. Eftir hléð hóf Jakob Möller bæjarfulltrúi íhaldsins harðari árás á verkalýðinn en nokkru sinni fyrr, þeir verkamenn, sem komist höfðu inn á fundinn, en megin þorranum var synjað inngöngu, neituðu nú að sitja undir þessum viðbjóði lengur og þaggaði niður í Jakobi með kröftuglegum framíköllum. Kröfðust nú þeir verkamenn, sem úti voru, að staðið yrði við gefin loforð, var þá lögreglunni sigað á mannfjöldann, sem tók hraustlega á móti. Á meðan var fundinum slitið og hugðist fulltrúaþýið halda fast við kauplækkunarsamþykktina. Er útséð var um, að verkalýðurinn mundi ekki líða þessi málalok, ákváðu Alþýðuflokksbroddarnir að bera fram "málamiðlunartillögu" gegn því að íhaldsfulltrúunum yrði leyft að ganga út ómeiddum, þess efnis að "lækkaði kaupið ekki fyrr en bæjarstjórnin sjálf ákveddi það." Kratarnir voru nú búnir að "gleyma" kröfunum frá fundinum þann sjötta og minntust ekki á þær. Þessum tillögum var algerlega hafnað af verkamönnunum á staðnum. Á meðan flýðu íhaldsmennirnir ofan í kjallara. Af ótta við að verða fullkomlega afhjúpaðir og þá festu og forystu sem kommúnistarnir höfðu, tóku nú Héðinn Valdimarsson og nokkrir aðrir kratabroddar að þeyta herlúðra í von um að ná forystunni úr höndum þeirra fyrrnefndu. Var ákveðið að sækja svínin ofan í kjallara, en þá var lögreglunni skipað í annað sinn að ráðast á mannfjöldann. **Hófst þá ofsalegur bardagi, þar sem fjöldi manna hlaut alvarleg meiðsli.**

9. nóvember

Þrátt fyrir stöðugt vaxandi atvinnuleysi og dýrtíð er líða tók á veturinn ætluðu auðvaldsfulltrúarnir í borgarstjórninni að lækka kaupið í atvinnubótavinnunni verulega, þrátt fyrir að það nægði vart fyrir brýnustu lífsnauðsynjum.

6. nóvember var farin kröfuganga og haldinn útifundur þar sem verkalýðurinn samþykkti tillögu þess efnis að sama kaup yrði áfram og fjölgað um 150 í atvinnubótavinnunni. Þegar endurbótasinnarnir í verkalýðsforystunni með Héðin Valdimarsson í broddi fylkingar sáu hug verkamanna, lýstu þeir sig samþykka, til að halda andlitinu, en þegar félagi úr KFÍ kom með tillögu um víðtæk verkföll til að tryggja framgang krafnanna, neitaði Héðinn að bera þessa tillögu undir atkvæði.

Bæjarstjórnarfundurinn, sem átti að taka ákvörðun um kröfur verkamannanna hófst kl. 10 að morgni þess níunda. Ræður fulltrúa íhaldsins innihéldu fáheyrðustu lygar um að ómögulegt væri að afla bænum fé, og svívirðilegustu árásir á hinn atvinnulausa verkalýð. Fulltrúar Alþýðuflokksins töluðu um að ástandið væri slæmt en reyndu samtímis að draga kjarkinn úr verkamönnunum. Eftir þessar árásir var ákveðið matarhlé og verkamönnum lofaður frjáls inngangur, er Lyktaði honum með því, að lögreglan var öll afvopnuð. En á meðan þessu stóð, hafði íhaldinu tekist að flýja úr kjallaranum.

Um kvöldið hélt KFÍ mjög fjölmennan fund með verkamönnunum, þar sem tillagan frá 6. nóv. var samþykkt og svarað skyldi "hinum blóðugu höggum lögreglunnar í dag með verkfalli við alla þá vinnu, sem þýðingu hefur til þess að brjóta hungurárásina á bak aftur." (Verkalýðsblaðið 3. árg. 48. tbl.)

Meðan fundur KFÍ stóð, sátu alþýðu-"foringjarnir" að svikráðum við verkalýðinn og sömdu við fulltrúa auðvaldsins um sama kaup í atvinnubótavinnunni til áramóta.

Verkalýðsblaðið segir ennfremur: "Bæjarstjórnin var á undanhaldi, skelfd við hina ágætu samfylkingu verkalýðsins. Það var því í lófa lagið að halda baráttunni áfram til sigurs. Öll skilyrði til þess voru fyrir hendi: 1) Víðtæk samfylking og samtök verkalýðsins, 2) Lögreglan gjörsigruð, 3) Bæjarstjórnin á undanhaldi, 4) Verkalýðurinn staðráðinn í því að gera verkfall.

Hefðu krata broddarnir ekki vegið aftan að verkalýðnum, klofið samfylkingu hins vinnandi og atvinnulausa verkalýðs, hindrað verkfall í bæjarvinnunni og við höfnina, þá væri nú fullur sigur unninn, kröfur verkalýðsins uppfylltar." -/hg

---

Takið þátt í námsstarfi KSML

Námsstarfið er liður í flokksbyggingunni

Allt frá stofnun KSML hafa samtökin sett námsstarfið sem höfuðverkefni sitt. En hvað táknar þetta vígorð fyrir samtökin og starf þeirra? Hvernig hafa KSML framfylgt þessu vígorði og hvernig hyggjast þau framfylgja því?

Í raun og veru er námsstarfið í dag liður í stærra verkefni sem er bygging kommúnistaflokks. Í dag er námsstarfið höfuðverkefnið á þessu sviði (en allt starf KSML í dag miðar markvisst að uppbyggingu kommúnistaflokks) Þetta þýðir, að námsstarfið er leiðandi þáttur í flokksbyggingunni. Hvernig má það vera að mikilvægi námsstarfsins fyrir starf samtakanna er svo mikið? Það, sem greinir á milli baráttu verkalýðsstéttarinnar og baráttu borgarastéttarinnar er fyrst og fremst tvennt. Í fyrsta lagi það að borgarastéttin berst fyrir að viðhalda arðráni og úreltu þjóðfélagskerfi á meðan verkalýðsstéttin berst fyrir frelsi sínu og afnámi rotnandi ríkiskerfis kapitalismans. Í öðru lagi er verkalýðsstéttin meðvituð í baráttu sinni, þ.e. meðvituð um sögulegt hlutverk sitt en borgarastéttin ekki. Hið síðara á ekki við um allan verkalýðsfjöldann á Íslandi í dag og þess vegna er það hlutverk kommúnistanna að fræða verkalýðinn um þetta sögulega hlutverk sitt og sýna honum fram á það í gegnum starf og líf verkamanna. Meðvitund verkamannanna birtist síðan í hvernig þeir haga byltingarstarfi sínu gegn auðvaldsskipulaginu, hvernig þeir í gegnum markvissa og meðvitaða baráttu byggja upp beittasta byltingarvopn sögunnar, kommúnistaflokkinn.

Við sjáum því að námsstarfið hefur tvær hliðar, þ.e. námsstarf meðal verkalýðsfjöldans sem leitt er af kommúnistum og jafnframt frekara nám meðal kommúnistanna sjálfra til að hækka stéttarvitund sína enn frekar og verða enn hæfari til að vinna meðvitað starf gegn kapitalismanum. Ég tek fyrst fyrir hvernig KSML vinna að námsstarfi innan eigin raða.

KSML innihalda í dag kjarna hinna meðvituðu verkamanna á Íslandi og aðra dyggustu stuðningsmenn sósíalismans. Í dag eru KSML miðstöð alls skipulagðs kommúnísks starfs sem unnið er á Íslandi. Í námsstarfinu hafa samtökin fyrst og fremst beint huganum að reynslu kommúnísku alþjóðahreyfingarinnar við uppbyggingu kommúnistaflokksins og lýðræðislega miðstjórnarvaldsins. Í þessu sambandi hafa samtökin numið fjölda greina eftir Lenín (sem leiddi Bolsévikkaflokkinn í þeirri byltingarbaráttu sem leiddi af sér þá tegund kommúnistaflokks sem við þekkjum með lýðræðislegu miðstjórnarafli og kallaður hefur verið kommúnistaflokkur af lenínískri gerð) jafnframt hafa samtökin numið greinar eftir Stalín, Maó Tse-tung og Enver Hoxha um skipulagið og agann.

Þar sem starf KSML á Íslandi er brautryðjendastarf í dag er grundvallarleg skilgreining á íslenskum stéttum og stéttahlutföllum og hagfræðilegri stöðu landsins gagnvart hinum erlenda markaði ásamt stöðu hinna ýmsu iðngreina hverrar til annarrar eitt almikilvægasta verkefni okkar. Því er það að samtökin hafa beint námi sínu að hagfræðilegum atriðum í síauknum mæli. Þetta er þeim mun mikilvægara sem við höfum í huga þau harðnandi stéttaátök sem nú eru framundan sem afleiðing af kjaraskerðingarsókn auðvaldsins á hendur verkalýðnum. Í sambandi við þá mótsetningu er verið hefur uppi innan samtakanna varðandi starfið innan verkalýðsfélaganna og stöðu þeirra (og enn **er síður en svo afgreidd að fullu) hafa**

KSML einnig unnið í því sambandi með baráttuaðferðir og reynslu kommúnista í kjarabaráttunni og í verkalýðsfélögunum bæði á 4. áratugnum og eins í dag. Þau verkefni á fræðilega sviðinu, sem við setjum sem mikilvægust í námi samtakanna nú á komandi mánuðum er að dýpka almennan skilning félaga á marxísku heimspekinni (sem er í raun grundvöllur fyrir öllu starfi kommúnista) og einbeita okkur enn meira að auknum skilningi á hinum hagfræðilegu ferlum kapitalismans með námi á vísindagreinum eftir Marx og Lenín.

Eins og ég benti á hér að framan er skólun verkalýðsfjöldans og stuðningsmanna verkalýðsins eitt mikilvægasta verkefni íslenskra kommúnista á núverandi tímabili á sviði flokksbyggingarinnar. En hvernig tekst okkur að framfylgja þessu verkefni? Að okkar mati er aðeins ein leið til þess, og það er með beinu starfi meðal verkamanna. Þetta starf verður að vera fólgið í því að útbreiða málgögn KSML og þá fyrst og fremst Stéttabaráttuna, fá verkamenn til að líta á hana sem sitt málgagn og beita henni til að skóla verkafólkið. Einnig er útgáfa dreifirita og bein þátttaka í öllum hræringum verkamanna þar sem ekkert tækifæri er látið ónotað að sýna fram á raunverulega framtíðarhagsmuni verkalýðsins, og forystulið verkalýðsins í dag, verkalýðsaðallinn afhjúpaður og verkamönnum fylkt í virkri baráttu gegn honum.

En það sem er þó mikilvægast og í raun afgerandi fyrir það hvort samtökunum tekst að rjúfa einangrun sína frá fjölda verkafólksins er hvernig þeim tekst að efla og koma á virku stuðningsstarfi undir forystu hverfasellna og vinnustaðasellna og í framtíðinni einnig undir forystu ýmissa sellna í fjöldasamtökum verkalýðsins.

En ef við lítum á hvernig okkur hefur tekist að framfylgja stuðningsstarfinu og byggja það upp í reynd, blasir við hrapalleg vanræksla. Til skamms tíma var það til dæmis ríkjandi viðhorf að líta á alla stuðningsmenn sem verðandi félaga og ef þeir af einhverjum ástæðum vildu ekki gerast félagar var litið á þá sem "slappa" og jafnvel stundum að það þýddi ekkert að hafa samband við þá. Starf stuðningsmanna var bundið við fundi hálfsmánaðarlega sem þó voru haldnir með höppum og glöppum og einstaka sinnum var farið með þá í húsasölu sem var þó enn sjaldnar, og einn og einn stuðningsmaður er skipulagður í götusölur, en þeir eru undantekning. Ofan á allt þetta bættist það viðhorf, að stuðningsmenn fengu ekki að komast í námshring samtakanna nema þeir hefðu sýnt frábært starf (eins og nokkurs konar verðlaun) og væru staðráðnir í því að gerast félagar.

Þannig kom fram sú ranga skoðun að starfið skyldi koma á undan fræðikenningunni, að stuðningsmennirnir skyldu starfa áður en þeir hefðu öðlast skilning á eðli og markmiði starfsins. Rétt skoðun er að sjálfsögðu að fræðikenningin skuli ávallt vera númer eitt og aukið starf að koma sem afleiðing af aukinni pólitískri meðvitund.

Allt þetta hefur valdið því að stuðningsstarfið hefur verið miklu fremur fráhrindandi en hitt, þannig að einungis þeir stuðningsmenn sem bókstaflega hafa verið brennandi af áhuga hafa sýnt virkt stuðningsstarf. Hér þarf greinilega að verða gjörbreyting á. Eitt ákaflega mikilvægt atriði er að gera stuðningsmenn að virkum þátttakendum í að byggja upp og efla Stéttabaráttuna með því að afla frétta af atburðum í stéttabaráttunni, skrifa greinar frá vinnustöðunum og vera stöðugt vakandi fyrir því að auka útbreiðslu hennar. Annað mikilvægt atriði er að skipuleggja þá ekki aðeins út frá hverfasellunum, heldur einnig í margfalt auknum mæli á vinnustöðunum, og snúa þannig andliti okkar að þeim, og jafnframt því að skipuleggja þá í áróðri og öðru starfi í fjöldasamtökum verkalýðsins og öðrum félögum eins og t.d. Kínversk Íslensku menningartengslunum o.s.frv. Einnig verða sellurnar að leitast við að efla stuðningsstarfið og gera það sem fjölbreyttast. Þannig væri það mjög gott ef einstakar sellur skrifuðu í Stéttabaráttuna og segðu frá árangursríku stuðningsstarfi og miðluðu þannig af reynslu sinni til annarra félaga og stuðningsmanna.

Fræðikenningin ávallt í fyrirrúmi.

-/rb, námsfulltrúi Reykjavíkurdeildar KSML

Kynningarfundur KSML i MH

Þann 14. 10. var haldinn kynningarfundur á KSML í Menntaskólanum við Hamrahlíð á vegum málfundafélags skólans. Um 40-50 manns sóttu fundinn. Tveir félagar mættu fyrir hönd KSML sem frummælendur. Í framsöguræðum sínum röktu félagarnir uppkomu og þróun marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tse-tungs í stórum dráttum og pólitík KSML til hinna ýmsu mála.

Eftir framsöguræðurnar fóru fram almennar umræður. Athyglisvert var, að í umræðunum komu upp tveir trotskýistar sem héldu feiki langar ræður og var annar þeirra með ræðu sína fjölritaða (líklega ræða af þingi Fylkingarinnar). Hömuðust þeir við að "sanna", að efnahagslífið í Sovétríkjunum hefði þá fyrst farið að hnigna á þriðja áratugnum, þ.e. þegar efnahagslífið var í rústum eftir nær áratugs langa styrjöld. Málflutning þeirra allan einkenndi lygaáróður og þvæla, sem hingað til hefur aðallega verið flutt af síðum Morgunblaðsins. Kom berlega í ljós á fundinum, að Morgunblaðið hafði eignast dyggan bandamann í árásum sínum á kommúnista og lygum, þar sem er Fylking trotskýista.

Þess má geta, að fjórum dögum seinna hélt Fylkingin kynningarfund í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Fyrir fundinn var gefið út dreifirit og því dreift til allra nemenda skólans þar sem menn voru hvattir til að mæta og hlusta á "byltingarsinnaða" pólitík Fylkingarinnar. Svo gjörsamlega höfðu trotskýistarnir afhjúpað sig á kynningarfundi KSML, að einungis mættu um 10 manns á fundinn að frummælenda og Fylkingarfélögum meðtöldum. -/isj/shk

---

Fundur KSML um Kína

17. október s.l. héldu KSML fund í Lindarbæ í tilefni 25 ára afmælis kínverska alþýðulýðveldisins, sem var 1. okt. Á fundinum voru fluttar ræður um pólitíska þróun kínverska kommúnistaflokksins eftir frelsunina og efnahagslega uppbyggingu landsins. Auk þess voru flutt ljóð eftir Maó Tse-tung í íslenskri þýðingu, en Maó hefur hlotið almenna viðurkenningu fyrir kveðskap sinn. Fundinn sóttu rúml. 60 manns, þar af gerðust um 20 meðlimir í Kínversk-íslenska menningarfélaginu. Auk þess létu nokkrir skrá sig í stuðnings- og námshóp hjá KSML.

Námshringur KSML

1. Kommúnistaávarpið (Marx/Engels Úrvalsrit I)
2. Díalektíska og sögulega efnishyggjan (Stalín, bæklingur KSML) Um starfið og Hvaðan koma réttar hugmyndir (Maó, Úrv. rit I, III)
3. Grundvöllur pólitísku hagfræðinnar (Fjölr. bæklingur KSML)
4. Um ríkið og byltinguna (Lenín, Ríki og bylting)
5. Um flokkinn (Lenín/Stalín, bæklingur KSML)
6. Pólitík KSML (Rauði Fáninn nr. 1 '72 frá stofnþingi KSML og Ályktanir 1. ráðstefnu KSML).

"Albanía, áður kúguð hálfnýlenda, sem gekk kaupum og sölum milli heimsvaldaræningjanna, er í dag frjálst, sósíaliskt, sjálfstætt, sjálfu sér ráðandi og ósigrandi land. Alþýða Albaníu, sem áður var miskunnarlaust barin niður af afturhaldssömum stjórnum, hefur í dag ríkisvaldið í höndum sér, er allsráðandi í landi sínu og vinnur að uppbyggingu nýs lífs í eigin þágu með eigin höndum." (Enver Hoxha)

(PPSH er skammstöfun á heiti Verkalýðsflokks Albaníu)

ALBANÍA - ALRÆÐI ÖREIGANNA Í 30 ÁR

Verkalýðsstéttin er skapandi stétt

- Sósíalisminn, nei það eru nú bara draumórar sem ekki er hægt að koma í framkvæmd.
- Sósíalisminn, hann er ágætur í löndum eins og Kína þar sem fátæktin er svo mikil - þar á hann rétt á sér - en hér, nei Íslendingar eru svo miklir einstaklingshyggjumenn.
- Sósíalisminn, það er harðstjórn og einræði; menn eru ekki frjálsir, þeir fá ekki að hugsa eins og þeir vilja og þeir fá ekki að fara úr landi, ef þeir vilja.
- Uss. Það koma bara nýir harðstjórar í sósíalismanum í stað þeirra gömlu.

Hver sá sem hefur rætt um sósíalismann kannast við þessar setningar, og félagar KSML fá að heyra þær of oftar en einu sinni, þegar þeir eru að selja STÉTTABARÁTTUNA á vinnustöðunum, úti á götu og í íbúðahverfunum. Þessi hugsanagangur byggir á þekkingarleysi og borgaralegum hugmyndum. Hann er afleiðing af margra ára blekkingaráróðri gegn sósíalismanum, sem fjölmiðlavopn borgarastéttarinnar hafa leitast við að innræta verkalýðnum. En þessi borgaralega svartsýnis og sútthugsun er einmitt til þess fallin að hylja sannleikann um sósíalismann, þjóðskipulag verkalýðsstéttarinnar. Hún gefur ranga mynd af verkalýðsstéttinni, að hún sé ófær um að stjórna sínu eigin þjóðfélagi. En sannleikurinn um verkalýðsstéttina er sá, að hún er sú stétt sem er fulltrúi fyrir sameignarskipulagið sem leysir einkaeignina og gróðahyggjuna af hólmi. Og verkalýðsstéttin er skapandi stétt, það sést best í þeim löndum þar sem hún hefur tekið völdin. Þar hafa mestu framfarirnar átt sér stað - í framleiðslunni, í félagsmálum o.fl. Þar tekst að útrýma atvinnuleysinu, auka framleiðsluna gífurlega, útrýma fátækt og á allan hátt að bæta og styrkja stöðu verkalýðsins og vinnandi alþýðu. Við getum nefnt nokkur dæmi: Sovétríkin á tíma Leníns og Stalíns; þau voru eina landið sem kreppan náði ekki til - á sama tíma og atvinnulíf auðvaldsheimsins hrundi saman, þá stóð uppbyggingin í Sovétríkjunum í blóma. Samanburður á Kína og Indlandi er mjög gott dæmi um það, hvernig verkalýðurinn í bandalagi við alla alþýðu getur sótt fram til betri lífskjara í sósíalismanum - en í Indlandi, sem er undir hæl heimsvaldastefnunnar, ríkir stöðnunin og hungrið.

Enn eitt dæmið er Albanía, landið sem var minnst þróað allra Evrópuríkja fyrir stríð. Eftir að verkalýðurinn og fátæku bændurnir tóku völdin, hefur landið risið úr rústum styrjalda og kúgunar og er nú land þar sem framfarirnar eru svo miklar, að borgarapressan hefur annað hvort kosið að þegja um það eða ljúga um það eins og gert var um Sovétríkin á tímum Stalíns.

Albanska alþýðulýðveldið er 30 ára 29. nóvember n.k. og um allan heim minnast framfarasinnuð öfl þessa áfanga albönsku alþýðunnar - sem jafnframt er áfangi fyrir verkalýðsstéttina hvarvetna.

Við birtum hér tvær greinar, sem sýna verkalýðsstéttina við völd - önnur greinin segir frá fundi í albanskri verksmiðju - hún lýsir því hvernig verkamannaeftirlitið er í framkvæmd - hin greinin er um albanskan verkamann, Njazi Ago, sem er dæmi um það, hvernig verkalýðurinn mætir erfiðleikum sem herrar í eigin landi og hvernig hann sigrast á þeim. Það eru menn eins og Njazi Ago sem koma fram úr röðum verkalýðsins, þegar sköpunarmáttur hans er leystur úr læðingi, þegar stéttin losar sig við ok auðvaldskerfisins.

Sósíalisminn er ekki harðstjórn og einræði - heldur þjóðfélagsskipun verkalýðsins eftir að hann hefur tekið völdin og hefur göngu sína til kommúnismans.

-/hh

Verkamannaeftirlitið

Verkalýðsfélagsfundur í albanskri verksmiðju.

Formaðurinn lemur hamrinum í borðið.

- Þögn! Dagskráin er viðamikil og það eru mikilvægar ákvarðanir sem þarf að taka. Við verðum að sýna aga ef við ætlum að ljúka fundinum í dag. Fyrsti liður er ársfjórðungsskýrsla verksmiðjustjórnarinnar - einn stjórnarmannanna mun gera grein fyrir starfi stjórnarinnar, framleiðsluafköstum og fjárhag verksmiðjunnar.

- Hvernig stendur á því að minna er nú spunnið af bómull en áður, spyr verkakona, þegar skrifstofumaðurinn hefur lokið lestrinum.

- Innflutningurinn minnkaði - það var verkfall hjá egypsku bómullartínslumönnunum.

- En Albanía verslar við fleiri lönd, reynduð þið að auka innflutninginn frá einhverju öðru landi?

- Nei, innflutningnum er stjórnað frá hærri stöðum.

Svarið orsakar óánægjuklið. Mehmet, sem er flokksfélagi og þekktur fyrir skynsama yfirvegun biður um orðið.

- Þetta er raunverulega skemmdarstarfsemi gegn framleiðslunni. Og þú berð í bætifláka fyrir það með tali um að "þessu er stjórnað frá hærri stöðum". Það má vera, að þeir hafi brugðist - ég legg til að við felum stjórninni að athuga það. En það sem mestu máli skiptir varðandi minnkun framleiðslunnar er, hversu ábyrgðarlaust þú hefur rækt störf þín. Það orsakast af skilningsskorti á mikilvægi þeirrar ábyrgðar, sem hver einstaklingur ber gagnvart uppbyggingu sósíalismans. Ef við verkamennirnir látum það viðgangast að þvílík afstaða næði að breiðast út á meðal skrifstofumannanna...þá myndi fara á sömu leið og í Sovét. Því er það svona, sem endurskoðunarstefnan nær að festa sig - borgaraleg afstaða hér og þar. Í baráttunni fyrir alræði öreiganna verðum við að vera á verði gegn borgaralegum slappleika hjá skrifstofumönnunum. Má ég gerast svo djarfur að spyrja hvenær herrann stóð á verksmiðjugólfinu síðast? Og hve lengi?

- Í júní. Ja, ég gat ekki klárað nema einn af þeim þremur mánuðum, því ég gekkst undir botlangauppskurð... og svo kom sumarfríið...

- Og svo skreiðstu til baka í þægilega stólinn þinn. Hátternið mótast. Það þarf greinilega að leiðrétta pólitíska afstöðu þína. Ég legg til að við veljum nokkra reynda félaga til að ræða við þig. En það ætti öllum að vera ljóst, að vinurinn þarf að starfa í verksmiðjunni í töluverðan tíma - og byrja strax!

Fundurinn velur nokkra reynda félaga til að skóla skrifstofumanninn. Mehmet sest. Sessunautur hans gefur honum olnbogaskot:

- Þú fórst flott í þetta. Þú getur bölvað þér upp á það að við förum ekki að kosta til menntun menntamannanna til þess að þeir vinni síðan skemmdarverk gegn framleiðslunni. Við getum sannarlega verið glaðir yfir því, að flokkurinn hefur alltaf haft þá afstöðu, að menntamennirnir verði að vinna í framleiðslunni. Við sjáum af þessu hvernig borgaralegu hugmyndirnar ná tökum á þeim, ef þeir eru látnir sjá um sig sjálfir á skrifstofunum.

- Rétt! Flokkurinn hefur dregið sína lærdóma af eigin reynslu og reynslunni í ríkjum endurskoðunarsinnanna. Félagi Enver sagði að kjarninn í baráttunni gegn skrifræði væru rétt tengsl á milli flokksfélaganna og alþýðunnar. Þess vegna verðum við verkamennirnir að mennta þá við hlið okkar - og skóla þá pólitískt.

Aðrir hlutar skýrslunnar eru taldir fullnægjandi og fundurinn tekur fyrir lið tvö á dagskránni. Formaðurinn heldur stuttan inngang:

- Þið hafið fengið í hendurnar fyrir nokkru síðan bæði tillögur verksmiðjustjórnarinnar og áætlunarnefndar verkamannanna varðandi framleiðslumagn komandi árs. Báðar tillögurnar hafa verið ræddar í umræðuhópum í öllum deildum verksmiðjunnar og nú verðum við að ákveða hvorri tillögunni við fylgjum. Tillaga áætlunarnefndarinnar gerir ráð fyrir 40% meiri framleiðslu - sem sagt mikil aukning. Liria hefur beðið um orðið.

- Hingað til höfum við alltaf kosið tillögu áætlunarnefndarinnar, og hún hefur alltaf verið hærri en verksmiðjustjórnarinnar. Okkur hefur alltaf tekist að ljúka henni. Tillaga áætlunarnefndar verkamannanna fylgir betur áskorun fimmta flokksþingsins um að auka framleiðsluna og bæta gæðin - betur en tillaga stjórnarinnar. Áætlunarnefndin hefur úthugsað betri tillögur til betrumbóta, þess vegna álít ég að við ættum að velja þeirra tillögu. Okkur mun takast það nú sem fyrr. Munið að aukning framleiðslunnar þýðir aukinn styrk sósíalismans.

Tillögurnar eru ræddar lengi og fundurinn komst að þeirri niðurstöðu, sem allir bjuggust við: tillaga verkamannanefndarinnar var valin - einnig þetta árið.

Næsti liður var mjög mikilvægur fyrir verksmiðjuna: ákvörðun um nýjan forstjóra. Formaðurinn:

- Þar sem það starfa tveir aðilar hér í verksmiðjunni sem teljast fullnægja kröfunum, hefur ráðuneytið ekki lagt fram neina tillögu um forstjóra. Flokksnefnd verksmiðjunnar hefur athugað meðmælin og lagt málið til umræðu í öllum deildum verksmiðjunnar. Flokkurinn mælir með Irinu. George, vilt þú ekki skýra frá því, hvers vegna flokkurinn valdi hana.

- Bæði valda starfinu, en við munum skilja betur afstöðu flokksins, ef við lítum á fortíð þeirra. Rako hefur stúdentspróf og verkfræðingsmenntun. Þar að auki hefur hann farið á nokkur fjárhags- og stjórnunarnámskeið. Hann hefur unnið hér hjá okkur í þrjú ár og bæði stjórnin og verkamennirnir í deildinni álíta hann vel dómbæran, ósérhlífinn og að hann hafi byltingarsinnaða afstöðu til vinnu sinnar. Irina hefur aftur á móti verið verkakona frá 17 ára aldri. Hún hefur menntað sig - fyrst í tæknifræði og svo verkfræði - á kvöldnámskeiðum verksmiðjunnar. Þetta hefur hún gert jafnframt því sem hún hefur tekið fullan þátt í framleiðslunni. Nú hefur hún unnið hjá okkur sem verkfræðingur í tvö ár. Kostir Rakos eru sem sagt þeir, að hann hefur meiri menntun á sviði efnahagsmála og stjórnunar, en við álítum að þessi þekking sé léttari á vogarskálinni en starfsreynsla og pólitísk reynsla Irinu.

- Er hún flokksfélagi?

- Nei, en flokkurinn lítur samt sem áður á hana sem fyrirmyndar byltingarsinna. Hún hefur alltaf skilið afstöðu flokksins og unnið að því að útbreiða hana, bæði á deildinni og í verkalýðsfélaginu. Hún er vel að sér í fræðum marxismans-lenínismans - og framar öllu hefur hún sýnt, að hún getur umsett þau í starf.

- Irina hefur frekar litla reynslu af stjórnun. Hefur flokkurinn raunverulega áttað sig á því, hvaða þekkingu þarf til að stjórna fyrirtæki?

- Einmitt! Rekstur fyrirtækisins er þegar allt kemur til alls pólitísk spurning. Lína flokksins er sú, að þegar velja skal á milli marxista-lenínista og sérfræðings, skal velja marxistann-lenínistann. Það eru auðveldara að verða sér úti um sérfræðiþekkingu en að afla sér margra ára byltingarreynslu. Og það gildir einnig í þessu tilfelli.

- Gamli forstjórinn stingur heldur ekki af í hvelli. Hann mun starfa um tíma til þess að setja þann nýja inn í starfið. Rako mun einnig verða hér og hann mun fá það verkefni að aðstoða Irinu með sérþekkingu sinni. Hún mun seinna fara á stjórnunarnámskeið. Flokkurinn lítur á það sem kost að fá kvenmann sem forstjóra. Irina er fordæmi fyrir albanskar konur.

Hér yfirgefum við fundinn, enn voru mörg mál á dagskrá. En við höfum ný kynnst lítillega hvernig verkamannaeftirlitið er í raunveruleikanum. Og við höfum kynnst því, að baráttunni um völdin í þjóðfélaginu milli verkalýðsins og borgarastéttarinnar lýkur ekki í og með sigri í vopnaðri byltingu - hún verður aðeins til lykta leidd í gegnum áratuga baráttu. Og úrslitin eru einmitt háð því, hvernig verkalýðurinn leysir hin daglegu vandamál í verksmiðjunni, í skólanum og á akrinum.

Verkakonur í "Mao Tsetung" vefnaðarverksmiðjunni í Berat.

MAÍ-Menningartengsl Albaníu og Íslands

23.4.1967 var MAÍ stofnað. Félagið starfaði aðeins í nokkur ár eftir stofnun þess, en lagðist svo í dvala þar til 20. október s.l., en þá var haldinn aðalfundur og ný stjórn kosin. Á þeim fundi gengu í félagið ríflega 50 manns; þannig að félagatalan er nú um 130. Runólfur Björnsson hefur verið formaður félagsins, en hann lét af störfum á þessum fundi og var Sigurður Jón Ólafsson kosinn formaður í hans stað.

"Félagið er stofnað til að efla menningarlegt samstarf milli Albaníu og Íslands, að veita fræðslu um menningu, þjóðfélagshætti og vísindi í Albaníu og stuðla að því að kynna þar íslenska menningu, bókmenntir og listir" eins og segir í lögum félagsins. Þessum tilgangi hyggst félagið ná m.a. með því að greiða fyrir samskiptum menntastofnana, með fyrirlestrum, útgáfustarfsemi og kynningu á þjóðfélagsháttum og menningu Albana í gegnum fjölmiðla. Hlutverk MAÍ er því að stuðla á allan hátt að auknu samstarfi Albana og Íslendinga og treysta vináttuböndin milli þessarra þjóða.

Albanska þjóðin heldur nú upp á 30 ára afmæli stofnunar alþýðulýðveldisins 29. nóvember n.k. og mun félagið minnast þess með öflugri kynningarstarfsemi, sem nánar verður auglýst síðar í fjölmiðlum.

Allir þeir sem vilja standa vörð um Alþýðulýðveldið Albaníu á þeim grundvelli, sem skýrður hefur verið hér að ofan, eru hvattir til að ganga í félagið. Þeir sem áhuga hafa geta hringt í síma 20804.

29. nóvember n.k. eru liðin 30 ár frá þeim degi er albanska þjóðin lýsti yfir stofnun albanska alþýðulýðveldisins. Í því tilefni ákvað ritstjórn STÉTTABARÁTTUNNAR að hleypa af stokkunum greinaflokki um Albaníu. Greinarnar verða um 17 talsins og munu taka fyrir sérstök málefni, en þær skiptast í sjö höfuðflokka: 1) Um alræði öreiganna. (Þessi grein hefur þegar birtst í 8. tbl. STB ´74). 2) Sósíalisminn í framkvæmd. Undir þeim lið munu koma greinar sem m.a. fjalla um verkamannaeftirlitið, kosningar, pólitíska skólun alþýðunnar, varnir landsins, stöðu konunnar, heilbrigðisþjónustuna o.fl. o.fl. 3) Saga baráttunnar fyrir frelsi landsins. 4) Baráttan gegn endurskoðunarstefnunni (mun birtast í Rauða fánanum). 5) Sigrarnir í framleiðslunni (einnig í RF) 6) Enver Hoxha, leiðtogi frelsisbaráttunnar. 7) Um MAÍ - Menningartengsl Albaníu og Íslands.

Ljósamaðurinn

Ævi manna verður ekki eingöngu mæld í árum - æviskeið getur verið stutt á veg komið en jafnframt stórbrotið. Þannig er því háttað með ævi mannsins sem eftirfarandi grein fjallar um. Hann heitir Njazi Ago. Hann er rafvirki.

- Þú munt verða góður rafvirki. hafði Tuk Hasa, hinn reyndi yfirmaður sagt við Njazi. Þá var Njazi aðeins fjórtán ára og faðir hans var nýlátinn. Það áfall gerði það að verkum, að Njazi tók lífið mjög alvarlega. Hann varð nú að sjá fyrir móður sinni og yngri bræðrum. Hann yfirgaf leikstöðvar æskunnar og byrjaði að vinna við rafvirkjun.

Það var nágranni hans, rafmagnsverkfræðingur, sem hafði vakið áhuga hans á rafvirkjun. Þá var árið 1946, stríðinu nýlokið í Albaníu og annað ár frelsunarinnar var gengið í garð. Rafmagnsverkfræðingurinn skýrði út fyrir honum þau miklu verkefni, sem voru framundan í rafvæðingu landsins.

Rafvæðingu Albaníu varð að hefja að nýju úr rústum stríðsins. 1938 voru aðeins 12 rafstöðvar í öllu landinu sem framleiddu samtals 4600 kílówött, og megnið af þeim var eyðilagt af ítölsku fasistunum, þegar þeir voru hraktir úr landinu. Njazi varð ljóst, að uppbygging landsins byggðist að miklu leyti á því að koma rafmagnsframleiðslunni sem fyrst á legg.

Njazi vann störf sín af mikilli alvöru. Í rauninni má segja, að hann hafi gerst fullorðinn á aðeins fáeinum mánuðum - og þar kom að því, að hann lauk námi og varð sveinn í iðninni.

Á þessum tíma var Tirana, höfuðborgin, enn illa leikin af völdum styrjaldarinnar, borgin var þakin sárum - stræti og byggingar voru eyðilagðar, rafstöðvarnar í borginni að hálfu í rúst. Í rauninni var myrkrið arfur heimabæjar Njazis. Myrkrið lá yfir íbúðahverfunum og öllum götum. Aðeins hús þeirra ríku voru upplýst fyrir frelsunina. Fyrir þá fátæku var rafmagnið munaður sem ekki var hægt að veita sér - það var of dýrt að fá heimtaug. En tímarnir breyttust á þeim tíma er Njazi hóf störf sín: þá var markmiðið að leiða rafmagn í hvert hús. Heimtaugaverðið var haft mjög lágt.

Nú gat að líta Njazi, ásamt vinnufélögum hans, þar sem þeir fóru af einu þakinu á annað. Þeir byrjuðu snemma á morgnana og þeir luku dagsverkinu seint á kvöldin.

- Hér kemur ljósamaðurinn. sagði fólkið í íbúðahverfunum þegar það sá Njazi birtast. Það gladdi Njazi, að fólkið skyldi líkja honum við ljósið. Í dag getur Njazi glaðst yfir framförunum í Tirana; nú notar eitt einasta íbúðahverfi meira rafmagn en öll borgin gerði, þegar Njazi hóf starfið.

Rafvæðing alls landsins.

1946 framleiddu raforkustöðvarnar um 85% þess magns sem þær framleiddu 1938. Hin mikla eyðilegging og skorturinn á varahlutum gerðu endurreisnina mjög erfiða. Einnig var mikill skortur á brennsluolíu. En þjóðin óx með erfiðleikunum. 1950 var raforkumagnið tvöfalt meira en 1938. Árið 1949 hóf Njazi störf úti á landsbyggðinni - þeir nefndu rafvæðingarherferðina "ljósamaraþonið" markmiðið var að byggja virkjanir í stað dieselstöðvanna , sem voru dýrari í rekstri og þurftu meira viðhald. Og það lá á. Albanir urðu að framkvæma á örfáum árum það sem aðrar þjóðir höfðu haft marga áratugi til.

Fyrsti viðkomustaður Njazis var "V. I. Lenín" virkjunin. Sú virkjun átti að framleiða 5000kw og vera orkuveita fyrir hinn nýja iðnað, sem var nú sem óðast að rísa í Tirana og nágrenni. Og Njazi var alls staðar á ferð og flugi, líf hans snerist nú um háspennustaura, koparvíra og virkjun vatnsaflsins. Þegar Njazi ræddi um störf sín var eins og flétt væri í þróunarsögu alþýðulýðveldisins. Frá húsþökunum í Tirana lá leiðin að litlu orkustöðvunum og þaðan til stóru orkuveranna í Cerrik, Stalínborg, Marinëz, Shkozet, Lac, Shijak... 1951 byggðu þeir Maliqgufuaflsstöðina og þá var hægt að reisa sykurverksmiðju þar. 1952 komst olíuiðnaðurinn í Stalínborg á legg eftir að afköst raforkuversins þar voru aukin úr 3000kw í 7000kw. Svo kom "Karl Marx" virkjunin árið 1954; hún framleiddi 25.000kw. Heildarframleiðslan í landinu var þá komin upp í 50.000kw og allir bæir landsins tengdir við dreifikerfið. Ört vaxandi iðnaðurinn þurfti nú ekki að líða sökum raforkuskorts - borgirnar voru upplýstar. Starf Njazis hélt áfram. Nýlega lauk hann störfum við "Maó Tse-tung" virkjunina.

Ferill Njazis við uppsetningu rafstöðva hefur skilið eftir sig mörg spor um allt landið. Það má finna þau þar sem hann hefur þjálfað upp nýja rafvirkja, þar sem hann hefur stritað og úthellt svita. Alls staðar hefur hann skilið eftir sig minningu meðal samverkamannanna um ósérhlífinn og traustan verkamann.

Þetta er æviferill Njazis Ago fram til dagsins í dag. Nú hefur Njazi verið tilnefndur: Hetja sósíalísku vinnunnar. Samverkamenn hans og ættfólk heimsóttu hann til að samgleðjast honum yfir heiðrinum sem honum hlotnaðist sem fulltrúi þeirra er höfðu kastað sér út í hið erfiða endurreisnarstarf. Þau ræddu lengi saman heima hjá Njazi - ekki um liðna tíma, heldur um verkefnin framundan, um fimmtu fimm ára áætlunina, sem nú stendur yfir.

- Hluti áætlunarinnar er í mínum verkahring, sagði Njazi. Hann fékkst ekki um þá erfiðleika sem biðu hans. 40 ára að aldri er hann reiðubúinn að sigrast á enn stærri verkefnum.

(Byggt á New Albanía no. 1 og "Electrification in the The Peoples Republic of Albania").

Aukning raforku framleiðslunnar í Albaníu í samanburði við Júgóslavíu og Grikkland:

	1938 %	1950 %	1955 %	1960 %	1961 %
Albanska alþýðulýðveldið	100	235	950	2.150	2.500
Júgóslavía	100	220	400	720	920
Grikkland	100	155	350	530	580

"Karl Marx" virkjunin



Hvert er markmið verkamanna-eftirlitsins?

Sigur alþýðunnar í byltingunni og stofnun alræðis öreiganna í Albaníu færði verkalýðnum völdin, þau völd, sem með réttu voru hans. Verkalýðsstéttin starfar undir leiðsögn flokks síns, og í bandalagi við samvinnubændurna stjórnar verkalýðurinn öllu lífi lands og þjóðar. Við þessar aðstæður verður verkalýðseftirlitið einnig söguleg nauðsyn.

Marxisminn-lenínisminn ásamt 30 ára reynslu af völdum alþýðunnar við uppbygginguna sósíalismans í landinu, færir okkur sönnun þess að aðeins alræði öreiganna er fært um að framfylgja sósíalísku byltingunni til enda, til fullkominnar uppbyggingar sósíalismans. Einmitt þetta gerir það nauðsynlegt fyrir verkalýðsstéttina, að viðhafa eftirlit sitt í margvíslegu formi gagnvart öllum, einnig gagnvart eigin flokki sínum og ríki. Þetta er gert til þess að verja alræði öreiganna og útrýma skriffinnsku og öðru illu, sem grefur undan völdum alþýðunnar. Þetta eftirlit mun halda áfram svo lengi sem stéttabaráttan varir, allt þar til endanlegri uppbyggingu kommúnismans er náð.

Markmið verkalýðseftirlitsins er það að vinna stöðugt að því að bæta og staðfesta leiðtogahlutverk verkalýðsins í þjóðfélaginu - að gera endurreisn kapitalisma og uppkomu endurskoðunarstefnu óframkvæmanlega um alla framtíð. Verkefni verkalýðseftirlitsins er að berjast gegn skriffinnsku, að berjast gegn þeim, sem vinna gegn hagsmunum verkalýðsins, að berjast gegn þeim, sem setja einkahagsmuni ofar sameiginlegum hagsmunum fjöldans, að berjast gegn öllum leifum gamla skipulagsins, að berjast fyrir því að allir fylgi hugmyndafræði flokksins og marxískri-lenínískri stefnu hans, og að sjá til þess að lögum og reglum, sem alþýðan við völd setur, sé framfylgt. Félagi Enver Hoxha benti á, að "verkalýðseftirlitið er rétt aðferð, sem gerir verkalýðsstéttinni kleift að hafa traust tök á alræði öreiganna - og tryggir að stefnu og markmiðum verkalýðsflokksins sé framfylgt."

Verkalýðseftirlitið er framkvæmt af flokknum, ríkisvaldi alþýðunnar og beint af verkalýðnum sjálfum. Við núverandi aðstæður í landi okkar fer verkalýðseftirlitið fram jafnhliða leiðsögn flokksins og ríkisins. (Úr bókinni "Our friends ask" - spurningar og svör um Alþýðulýðveldið Albaníu - útg. Tírana 1970)

„Flete Rrufé“



Eitt af merkjum þess að verkalýður Albaníu tekur aukinn þátt í stjórn landsins eru veggblöðin sem kallast "Flete Rrufé" (skyndiblað). Þau komu fyrst fram í "byltingarherferðinni" sem hófst 1966 - og svara til menningarbyltingarinnar í Kína.

Tilgangur "Flete Rrufé" er að koma á framfæri gagnrýni og sjálfsgagnrýni og þau er að finna á öllum vinnustöðum, íbúðarhverfum og víðar. Ef einhverjir stunda illa vinnuna, eru lélegir í pólitísku námi, koma illa fram við vinnufélagana eða ef einhver háttsettur starfsmaður stendur sig illa, hefur tilhneigingu til "býrokratisma" þá setja þeir sem vilja gagnrýna villurnar upp "Flete Rrufé." Það er skylda þeirra sem eru gagnrýndir að svara innan viss tíma. Sé gagnrýnin alvarleg er hún rædd í verkalýðsfélagi viðkomandi verksmiðju. "Flete Rrufé" hefur sérstaklega mikla þýðingu fyrir verkamennina sem vilja gagnrýna og hafa eftirlit með stjórn verksmiðju sinnar.

Ár námsstarfsins hefst innan flokksins.

Þann 6. september s.l. hófst svokallað ár námsstarfsins innan Verkalýðsflokka Albaníu. Í samræmi við ákvörðun miðstjórnar VFA frá janúar s.l., sem dró upp mikilvægi þess fyrir kommúnista, að auka námsstarf í marxismanum-lenínismanum á þessu ári námsstarfsins, hafa verið gerðar vissar aðgerðir, sem koma námsstarfinu á skipulegri grundvöll.

Verkalýðsflokkur Albaníu hefur alltaf lagt sérstaka áherslu á menntun kommúnistanna og allrar vinnandi alþýðu, á að vopna verkalýðinn með hinni byltingarsinnuðu fræðikenningu marxismans-lenínismans. Námsstarf flokksins er mjög yfirgripsmikið og margþætt. Það fer fram á mörgum sviðum og með ýmsum aðferðum. Markmið þess er, að hækka hugmyndafræðilegt stig félaganna, koma þeim á grundvöll efnishyggjulegrar heimsskoðunar, vopna þá með lögmálum þjóðfélagslegrar þróunar og grundvallarreglna vísindalega sósíalismans, að fá þeim í hendur hina byltingarsinnuðu fræðikenningu öreigastéttarinnar.

Allir kommúnistar, án undantekningar, taka þátt í námsstarfinu, og einnig vinnandi fólk, sem ekki er flokksbundið.

Marxískir-lenínískir námshringir eru skipulagðir í hverri grunneiningu flokksins og einnig á vinnustöðvunum, í landbúnaðinum, samvinnufélögunum og í skólunum.

Í Tírana einni saman eru 1081 námshringur í gangi, og þá sækja 19.900 manns. Sérstök námskeið voru haldin fyrir áróðursmenn, til að gera þá hæfari fyrir útbreiðslu marxismans-lenínismans. Í námshringjunum hafa þátttakendur aðgang að öllu efni, sem nauðsynlegt er til að kryfja málin til mergjar, og tengja þannig saman fræðilega meðferð vandamálanna og byltingarsinnað starf. Þannig nema þeir heimspeki, pólitíska hagfræði, sögu VFA og marxíska menningu. (ATA)

SPÁNN

Byltingarsinnuð samfylking gegn fasismanum

Spánski fasisminn riðar til falls. Seinustu árin hefur staða Frankós og spönsku einokunarkapítalistanna sífellt versnað. Samfara dýpkandi efnahagskreppu og auknu arðráni og kúgun á spönskum verkalýð hafa verkföll og aðrar mótmælaaðgerðir sífellt færst í aukana. Alþýða Spánar hefur verið kúguð af fasismanum síðustu 35 árin. Tugir þúsunda létu lífið fyrir frelsið í borgarastyrjöldinni og þúsundir hafa verið drepnir í dýfflissum Francos síðan þá. En baráttan hefur alltaf haldið áfram, frelsisöflunum hefur sífellt vaxið afl, og í dag er svo komið, að spánski fasisminn stendur frammi fyrir pólitískum dauða. Leiðandi fyrir baráttuna í dag er samfylking and-fasista og föðurlandsvina undir byltingarsinnaðri leiðsögn kommúnista.

Hvað er FRAP?

Undirbúningur að stofnun FRAP (hinn byltingarsinnaði framvörður andfasista og föðurlandsvina - Frente Revolucionario Antifascista y Patriota) hófst árið 1971. Þá sameinuðust nokkur samtök, þar á meðal Kommúnistaflokkur Spánar m-l, um stefnuskrá í sex liðum:

- o Að kollvarpa með byltingarbaráttu fasíska einræðinu og sparka burt bandarísku heimsvaldastefnunni.
- o Að koma á fót sameinuðu alþýðulýðveldi, þar sem lýðræðisréttindi alþýðunnar og réttur þjóðernisminnihluta eru tryggð.
- o Að þjóðnýta eignir erlendra einokunarkapitalista og gera upptækar eignir forréttindaaðalsins.
- o Að koma á víðtækum umbótum í jarðnæðismálum, grundvölluðum á upptöku stórjarðanna.
- o Að gjöreyða Spönsku nýlendustefnunni.
- o Að koma á fót herstyrk í þjónustu alþýðunnar.

Á grundvelli þessarar stefnuskár voru settar á fót tvær höfuðnefndir er færa skyldu stefnuskrána út, móta árangursríka bardagaaðferð, og vinna sem flesta til liðs v ið framvörðinn. Á þeim árum sem liðin eru, hefur þróunin gengið mjög hratt. Samfylkingin hefur verið leiðandi í verkföllum og allskyns mótmælaaðgerðum hún hefur bundist sterkum böndum við hinn stríðandi fjölda, og skýrar línur hafa verið dregnar milli þeirra sem styðja baráttuna og þeirra sem styðja afturhaldið. Innan samfylkingarinnar hafa semeinast allir heiðarlegir and-fasistar og föðurlandsvinir. Það var á grundvelli þessara sigra sem FRAP var stofnað í janúar á þessu ári. Stofnþingið var haldið á leynilegum stað á Spáni, og í forsæti ráðstefnunnar sat Julio Alvarez del Vayo fyrrum ráðherra í lýðveldisstjórninni og yfirhershöfðingi lýðveldishersins.

Stofnþingið sátu fulltrúar 10 spánskra samtaka, þar á meðal fulltrúar Kommúnistaflokks Spánar m-l. Það er með stofnun FRAP sem andfasíska og nýlýðræðislega hreyfingin fékk þann grundvöll sem tryggja mun henni árangursríkt starf í harðnandi **baráttu gegn fasismanum.**

FRENTE REVOLUCIONARIO ANTIFASCISTA Y PATRIOTA
F.R.A.P.

Hvað er að gerast á Spáni?

Sú spurning verður æ áleitnari á Spáni: Hvað tekur við eftir að Franco er allur? Borgarastéttin er margklofin í afstöðu sinni, þar endurspeglast hin dýpkandi efnahagskreppa og hræðsla borgaranna við vaxandi byltingarbaráttu verkalýðsins. Helstu hópar borgaranna eru:

- o "Fasistakempurnar" sem styðja Juan Carlos, krónprins Francos. Þeir telja enga nauðsyn á breytingum eða "andlitslyftingu", spönskum verkalýð skal haldið niðri með sömu þrælstökunum og hingað til.
- o Konungssinarnir sem vilja endurreisa konungsdæmið, og vilja í orði endurskoða afstöðuna til stjórnunaraðferða fasismans.
- o hlutar hersins sem vilja leysa Fasistastjórn Francos af hólmi með hernaðareinræði.
- o "Lýðræðissinnarnir" sem stefna að einhverskonar margflokkastjórn og hafa nýskeð tekið upp á því að koma fram með lýðræðislegar og jafnvel "and-fasískar" kröfur.

Það er öllum þessum borgaralegu hópum sameiginlegt, að þeir hafa stutt fasíska einræðið dyggilega, og þeir eru engin valkostur fyrir alþýðuna. Þeim er aðeins eitt í huga: Að vernda forréttindaaðstöðu sína og kapitalismann á Spáni.

Í tilraunum sínu til að tryggja yfirráð sín yfir spönskum auðlindum eftir lát Francos hafa borgararnir bundist æ sterkari böndum við endurskoðunarsinnanna. Flokkur endurskoðunarsinnanna undir forystu Santiago Carrillo leggur í dag höfuðáherslu á **að bræða sig saman við hina og þessa borgarahópa, undir yfirskyni baráttu** gegn fasismanum. Carrillo hefur haft opinbera fundi með konungssinnum, tekið þátt í uppbyggingu hreyfingar "lýðræðisins" og verið í góðum tengslum við herinn. Á fundi í Genf í júní lagði hann upp svohljóðandi línu fyrir baráttuna gegn fasismanum á Spáni:

> "Þessvegna hafa kommúnistarnir í mörg ár barist fyrir því að herinn og alþýðan nálguðust hvort annað, hvað sem hver segir. Og það er árangur þess að - á sama hátt og í Portúgal - mun barnið á Spáni líka geta stungið nellikum í byssuhlaupin sem tákn um vináttu milli hersins og alþýðunnar. Þessvegna höfum við líka sagt, að Spánn verður að hafa nýtísku her sem er fær um að verja landamæri ríkisins."

Í tilraunum Spánska afturhaldsins til að finna leið út úr pólitísku og efnahagslegu kreppunni hefur Revisionistaflokkurinn reynst dyggur bandamaður. Það er í gegnum endurskoðunarsinnana sem borgararnir reyna að múlbinda spánskan verkalýð og beina honum frá braut byltingarinnar. Enda er það svo að flokkur endurskoðunarsinnanna er hálf-leyfilegur á Spáni meðan barist er með oddi og egg gegn FRAP.

Barátta alþýðunnar

Á meðan borgararnir reyna að finna "öruggar" leiðir til að vernda aðstöðu sína og endurskoðunarsinnarnir gera allt sem þeir geta til að tryggja sér ráðherrastólana eftir lát Francos, heldur barátta alþýðunnar afram undir forystu FRAP. Á fyrstu sjö mánuðum þessa árs fóru fleiri verkamenn í verkfall en á árunum 1971 og 1972 til samans. Verkfallsbaráttan hefur eðlilega að nokkru leiti verið til að verjast árásum borgaranna á lifibrauð verkamanna, en meirihluti verkfallanna hefur átt pólitískar orsakir.

Það hafa verið verkföll til að sýna samstöðu með fangelsuðum félögum, til að sýna samstöðu með þeim sem reknir hafa verið úr vinnu og svartlistaðir, og verkföll til að sýna samstöðu með frelsishreyfingunum.

Þannig bera verkföllin vitni hækkandi stéttmeðvitund. Það er á grundvelli þessa sem FRAP hefur boðað til byltingarsinnaðs allsherjarverkfalls.

Áróðurinn fyrir hinu byltingarsinnaða alsherjarverkfalli sem eiga mun sér stað einhverntíma í byrjun vetrar fer fram undir þessum höfuðvígorðum:

Frelsi til handa pólitískum föngum.

Landamæri opnuð fyrir þeim landflótta.

Málfrelsi til alþýðunnar.

Íflugblaði sem fylgdi málgagni FRAP, Accion, sagði eftirfarandi um verkfallið:

> "Við erum ekki svo bjartsýnir að ætla að með þessum fyrsta byltingarsinnaða alsherjarverkfalli takist okkur að binda enda á einræðið. En við erum þess fullvissir, að með því að flykkja okkur kringum nokkrar kröfur sem fela í sér nauðsyn fyrir yfirgnæfandi meirihluta vinnandi spánverja, munum við taka mikilvægt skref í átt að frelsum Spánar."

Á móti stéttarsamvinnubrölti endurskoðunnarsinnanna reisir byltingarhreyfingin hátt á loft kröfuna um málfrelsi til alþýðunnar, til að undirstrika að baráttan gegn fasismanum er byltingarbarátta alþýðunnar.

Kommúnistasamtökin senda stéttbræðrum á Spáni byltingarkveðjur, og lýsa yfir fullum stuðningi við baráttuna gegn fasismanum og hlaupatíkum hans, endurskoðunarstefnunni.

Lifi alþjóðahyggja öreiganna.

Stuðst við Proletären no. 41 1974/ÓI.

Ólögleg mótmælaaðgerð FRAP í Madrid. Þrátt fyrir ofsóknir lögreglunnar heldur FRAP uppi öflugu starfi.

Friðarverðlaunahafinn



Kissinger grætur krókódílatárum yfir örlögum Kýpur-mynd úr grísku blaði

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Kissinger, sem til skamms tíma var hafinn yfir alla gagnrýni í borgaralegu fjölmiðlunum - stendur nú berstrípaður frammi fyrir heiminum sem einn af höfuðpaurunum í undirróðri bandarísku heimsvaldasinnanna. Glæpir Kissingers hefðu auðvitað ekki átt að koma neinum á óvart, eftir allar uppljóstranirnar á lygum þeim og blekkingum, sem ríkisstjórn Lyndon Johnsons beitti (svo tekið sé eitt dæmi úr löngum blóðferli USA-heimsvaldastefnunnar) til að réttlæta - og fela - sprengjuárásirnar á Indókína o. fl. En það er nú einu sinni þannig, að borgarastéttin á sterk áróðursvopn og beitir þeim óspart til að hylma yfir gerðir sínar.

Það hefur nú komið skýrt í ljós hvernig "kraftaverk" Kissingers (sem stundum var nefndur "Super K" í bandarískum fjölmiðlum) eru framkvæmd - með fjáraustri til þeirra glæpamanna, sem eru reiðubúnir að myrða fyrir hagsmuni bandaríska auðvaldsins. Uppljóstranirnar um þátt Kissingers í fasistabyltingunni í Chile, skiptingu Kýpur (og valdatöku grísku herforingjastjórnarinnar á sínum tíma) og Watergate-málinu, sýna skýrt, að það skiptir ekki máli hverjir sitja í embættum í ríkisstjórnum Bandaríkjanna - "jafnvel friðarverðlaunahafar" eru blóði drifnir þjónar heimsvaldastefnunnar. -/hh

---

Harðnandi stéttaátök í Noregi

Verkfall lyftuviðgerðarmanna og símstöðvamanna, sem nú hefur staðið í næstum þrjá mánuði, hefur haft meiri afleiðingar fyrir norsku verkalýðshreyfinguna í för með sér en búast hefði mátt við. Samanlagt telur þessi hópur verkfallsmanna ekki nema 450 manns, en harðfylgni þeirra og ákveðni hefur vakið mikla samúð meðal annarra verkamannahópa í Noregi. Í upphafi verkfallsins gerðu verkfallsmenn sér ekki grein fyrir að hér væri um pólitískt verkfall að ræða, fyrir þeim vakti aðeins bætt aðstaða og kjör við starf þeirra. En fljótlega eftir að sýnt varð, að kapitalistarnir ætluðu sér ekki að gefa eftir fyrir verkfallinu, gerðu verkfallsmenn sér ljóst, að þeir ættu ekki aðeins í höggi við einstaka atvinnurekendur, heldur alla kapitalistastétt Noregs og ríkisvald hennar. Atvinnurekendur kröfðust lagasetningar gegn verkfallinu, en verkfallsmenn létu engan bilbug á sér finna þrátt fyrir það. Þeir settu fram vígorðið VERKFALL ER EKKI FRÍ. - sem fól í sér að hver einasti verkamaður, sem þátt tók í verkfallinu var virkjaður á verkfallsverði, við vinnslu og dreifingu blaðsins, sem þeir gefa út, eða við fjársöfnun til styrktar verkfallinu. Verkfall þetta hefur vakið geysilega athygli í Noregi og samúð **og stuðning annarra hópa verkalýðsstéttarinnar. Víða um landið hafa** verkamenn í staðbundnum verkalýðsfélögum krafist þess af landssambandi verkalýðsfélaganna, að farið verði í samúðarverkfall til að styðja kröfur lyftuviðgerðarmanna og símstöðvamanna. Hefur þetta fámenna verkfall þannig orðið fyrirmynd annarra hluta norsku verkalýðsstéttarinnar, hvað varðar skipulagningu, baráttuaðferðir og framkvæmd verkfalla.

Nú fyrir skömmu svaraði atvinnurekendasamband Noregs verkfallinu með því að hóta vinnubanni, sem tekur til um 90 þúsund verkamanna. Þessi aðgerð atvinnurekendasambandsins hefur vakið öldur reiði og mótmæla í Noregi og í rauninni þjappað verkamönnunum betur saman um kröfur sínar. Það að fleiri verkamenn dragast inn í baráttuna veitir verkfallinu aðeins aukinn styrk og eykur á baráttuvilja norska verkalýðsins.

Íslenskir verkamenn geta margt lært af norskum stéttarbræðrum sínum, m.a. þann sannleika, sem verkfallið í Noregi hefur leitt í ljós, að ekki er hægt að treysta forystu verkalýðsfélaganna, því að hún svíkur á mikilvægustu stundum baráttunnar. Ennfremur að verkföll eru ekki frí, heldur barátta, sem krefst skipulagningar og þátttöku allra verkamanna, sem hlut eiga að máli. kg



Verkfall er ekkert frí. **Það er álit þessara lyftusmiða og þeir sitja ekki við orðin tóm. Fjölritarinn vinnur jafnt og þétt og prentar upplýsingablaðið og** dreifirit.

NEPAL

Tíbeskir uppreisnarmenn afvopnaðir.

Í því skyni að tryggja þjóðlegt sjálfstæði, sjálfsákvörðunarrétt og öryggi Nepal, hefur ríkisstjórn Nepal nýlega gert ráðstafanir til að afvopna tíbeska uppreisnarmenn, sem flýðu til Nepal.

Eftir að vopnuð uppreisn lénsaðalsins í Tíbet undir forystu Dalai Lama misheppnaðist árið 1959, flýðu þessuppreisnarmenn til Indlands, og streymdu síðan þaðan til Nepal, vopnaðir rifflum, vélbyssum, sprengjum og öðrum útbúnaði til stríðsreksturs. Í maí skipaðir ríkisstjórn Nepal uppreisnarmönnunum að láta af hendi vopn, skotfæri og fjarskiptatæki og að láta skrá sig hjá fulltrúum ríkisins fyrir 1. ágúst. Þann 31. júlí var lögreglunni skipað að fara inn í búðir uppreisnarmanna og taka öll vopn sem ekki hafði verið skilað. Þann 7. ágúst höfðu meira en 4.000 uppreisnarmenn látið af hendi vopn sín, og næstum 1000 vopn, meira en 130.000 skot og sprengjur, og nokkuð magn fjarskiptatækja höfðu verið tekin. Í yfirlýsingu, sem ríkisstjórn Nepal lét frá sér fara um afvopnunina, sagði m.a. að þessir tíbesku uppreisnarmenn hefðu hvað eftir annað opinberlega brotið lög Nepal og rænt og hrakið alþýðuna, og þannig skapað ólgu og óöryggi meðal hennar. Hún benti á, að "nokkur lönd meðal hinna ríku og voldugu landa heimsins, sem telja sig hafa hagsmuna að gæta í þessum heimshluta, hafa veitt uppreisnarmönnunum aðstoð."

Ennfremur sagði í yfirlýsingu um sama mál: "Ríkisstjórn Nepal vill finna lausn á þessu vandamáli. Að mati hennar er það óverjandi, að tíbeskir uppreisnarmenn skuli gera landamæri Nepals að stöðvum sínum til að ráðast með ofbeldi gegn vingjarnlegum nágranna okkar, Kína." (Peking Review)

SPÁNSKA SAHARA

Alþýða Spönsku Sahara berst fyrir sjálfstæði.

Alþýða Spönsku Sahara, síðustu spönsku nýlendunnar í Afríku, hefur í fjöldamörg ár barist fyrir frelsi sínu undan spánska nýlenduokinu, en nýlenduherrarnir gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að forða því að þessi hluti "eyðimerkurinnar" gangi úr höndum þeirra. Ástæðan fyrir því er, að þar hafa á síðustu árum fundist miklar námuauðlindir, sem alþjóðlegir auðhringir nýta í samvinnu við spánska einokunarauðvaldið. Alþýða Sahara hefur ekki gefið eftir, þrátt fyrir villimannlegar aðgerðir heimsvaldasinnanna. Til að viðhalda kúguninni hefur spánska stjórnin sent þvílíkan fjölda hermanna og lögreglumanna til Sahara, að nú er svo komið, að hermennirnir eru fleiri en íbúar **landsins. Her nýlenduherranna telur** fleiri en 55.000 hermenn, 4.500 meðlimi pólitísku lögreglunnar og leyniþjónustunnar, og 1200 málaliða. Auk þess eru 35.000 hermenn staðsettir á Kanaríeyjum, sem eru tilbúnir til að fara hvenær sem er til Sahara ef ólgan þar verður hættuleg að mati spönsku stjórnarinnar.

Í baráttu sinni gegn skæruliðum í Sahara, hefur spánska stjórnin fullan stuðning Bandaríkjanna. Þegar Spánverjar og Bandaríkjamenn endurnýjuðu samning um afnot Bandaríkjanna af spönsku landi fyrir herstöðvar þann 6. ágúst 1970, lofuðu Bandaríkin að veita spönsku stjórninni tæknilega aðstoð í baráttunni gegn skæruliðunum í Sahara. Samkvæmt franska blaðinu "Le Monde diplomatique" hefur spánska stjórnin fengið mikið magn hergagn, sem eru sérstaklega útbúin fyrir baráttu gegn skæruliðum í eyðimerkurhernaði.

Um leið og spönsku heimsvaldasinnarnir beita vægðarlausu ofbeldi í baráttunni gegn alþýðunni tala þeir um að þeir séu ekki á móti því að alþýðan hafi sjálfsákvörðunarrétt, og hafa boðist til að skipuleggja þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð landsins. En leiðtogar frelsishreyfingarinnar hafna þessu falska tilboði, sem ekki þjónar öðru markmiði en að blekkja alþýðuna, og segja að ekki geti verið um að ræða neina þjóðaratkvæðagreiðslu meðan alþýðan hefur spánska byssustingi í bakið, og að það sé ekki hægt að tala um sjálfsákvörðunarrétt meðan ennþá eru spánskir hermenn í landinu og auðlindir og alþýða Sahara eru arðrænd af einokunarkapitalistum Spánar. Alþýða Spönsku Sahara er staðföst í því, að berjast fram til sigurs gegn sönsku nýlenduherrunum og bandarísku heimsvaldastefnunni, sem styður þá.
(ATA)

Staða konunnar

Kollvörpun móðurréttarins

Hvað er það sem veldur því að konan er sá aðili auðvaldsþjóðfélagsins, sem mest er kúgaður? Löngum ríkti sú sannfæring að konunni bæri að lúta karlmanninum, vera ambátt hans. Kirkjan veitti þessum skoðunum dyggilegan stuðning og Biblían gerir ráð fyrir að óæðri staða konunnar hafi tíðkast frá upphafi, einhvers konar guðleg skipan. En er myrkviði því er heimspeki kirkjunnar lagði yfir allar skoðanir á miðöldum létti, jókst fljótlega þekkingin á hinum fyrri samfélögum manna. Ættfeðrasamfélag það sem lýst er í bókum Móses reyndist risið upp úr eldri samfélagsgerð, ættsveitarþjóðfélaginu. Ættflokkurinn samanstóð af mörgum ættsveitum, þar sem hjúskapur var ekki leyfður innan ættsveitarinnar, og urðu einstaklingar að leita sér maka utan hennar, innan ættflokksins. Aðeins móðernið var öruggt og því var skyldleiki aðeins rakin í kvenlegg. Heimilið sem var samfélagsstofnun, réð yfir öllum flóknustu verkefnunum og vinnan miðast öll við þarfir heimilisins. Í þessum veiðiþjóðfélögum voru verkfærin fá og einföld. Þá þegar hófst viss starfsskipting, þar sem karlmennirnir stunduðu aðallega veiðarnar, en konurnar heimilistörf. Á heimilinu höfðu konurnar öll völd, þær höfðu jafnvel rétt til að vísa karlmanninum burt úr ættsveitinni ef þeim fannst ástæða til. Sem dæmi um félagslega stöðu konunnar í þessum samfélögum, þá gátu konurnar hvenær sem var sett ættarhöfðingjann af og gert hann að óbreyttum hermanni.
Eitt er það sem varpar nokkru ljósi á stöðu kvenna þessa tímabils, en það eru erfðirnar, eða e.t.v. helst hvernig þær breytast. Þegar karlmaðurinn féll frá, runnu eignir hans, sem reyndar voru litlar, til holdgetinna systkina hans (fædda af sömu móður) og -systra- og móðurbræðra hans, en ekki til barna hans. Við fráfall konunnar runnu eignirnar til barna hennar og holdgetinna systra hennar, ekki til bræðra hennar. Stafaði þetta af því, að eignunum var haldið innan ættsveitarinnar, en eiginmennirnir voru jú úr annarri ættsveit. Með tilkomu húsdýranna, breytast framleiðsluhættir manna. Í stað hinnar daglegu matvælaöflunar, veiðanna, komu gripahjarðirnar, sem kröfðust breytinga á starfinu. Þessar hjarðir komust snemma í einkaeign, fyrst í eigu ættföðurins, þó sá eignarréttur hafi ekki verið eins og við skiljum hann í dag, og síðan fjölskyldu föðurins. En með hjörðunum eignaðist hann ekki aðeins hjarðirnar, heldur einnig allar eignir heimilisins og þar með einnig þá sem tóku nú að vinna öll erfiðustu störfin - þrælana. Áður voru herteknir menn teknir inn í fjölskylduna sem frjálsir menn, en nú þurfti meira vinnuafl en ættsveitin gat látið af hendi og þess vegna voru þeir gerðir að þrælum. En með þessum breytingum á þjóðfélagsskipaninni gátu gömlu erfðirnar ekki lengur staðist, þar sem að við dauða mannsins hefðu eignir hans ekki runnið yfir til barna hans, og haldist innan ættsveitarinnar heldur inn í aðrar ættsveitir.

Þetta leiddi til þess að ættrakning í kvenlegg og þar með erfðir í móðurætt voru lagðar niður, en karlsift og föðurerfðir komu í staðinn. Með þessu kemur krafa karlmannsins (eignamannsins) um raunverulegt faðerni barnanna, en hann heldur sínum rétti til kynlífs utan hjónabandsins, sem gildir jafnvel fram á okkar daga. Þessum umskiptum er best lýst með orðum Engels: "Kollvörpun móðurréttarins var heimssögulegur ósigur kvenþjóðarinnar. Karlmaðurinn tók við stjórnartaumunum, líka á heimilinu, konan lækkaði í tign, hún var þrælkuð, hún varð ambátt fýsna hans og einbert tæki til barneigna" (Friedrich Engels: "Uppruni fjölskyldunnar, einkaeignarinnar og ríkisins" Úrv.r. I, bls. 389). Samhliða þessum breytingum, verða því líka breytingar á samlífi manna, það er frá samfélagsbúskap, margar konur og karlar saman, til parahjúskapar, þó með vissri sameign. En í þrælaþjóðfélaginu kemur líka til eign karlmannsins (eignamannsins) á konunni. Hann hafði oft margar konur fyrir utan ástkonur. Aðeins meðal þrælanna komst einkvænið á frá upphafi. Á Íslandi í þrælaþjóðfélagi landsnámsaldarinnar voru enn þá ríkjandi ýmsar leifar ættarsamfélagsins meðal eignastéttarinnar, konan hafði rétt á að helga sér land, sem dæmi Auður Djúpúðga. Ambáttin hafði að sjálfsögðu ekki þennan rétt, en börn ambáttarinnar og eigandans fengu viss réttindi, t.d. sagan um Ólaf pá son Melkorku.

Lok þrælaskipulagsins

En með tilkomu flóknari atvinnutækja verður þrælaskipulagið óhentugt. Til að fá þrælana til að vinna, þurfti sífellt fleiri varðmenn eftir því sem verkefnin urðu flóknari. Upp úr skipbroti þrælaþjóðfélagsins rís lénsþjóðfélagið, með ánauðugum bændum og átthagafjötrum. Bændurnir unnu skylduvinnu fyrir lénsherrann að hluta til, en að hluta í sína eigin þágu.

Lénsskipulagið reyndist heldur ekki fært um að standa af sér þróun vinnunnar og innan þess óx upp banamaður hennar, borgarastéttin. Þá kemur nýtt stig í kúgunarsögu konunnar, eins og Engels lýsir.

"Félagsbúskapurinn gamli hafði mörg hjón og börn innan vébanda sinna. Þar stjórnuðu konurnar búsýslunni og það var opinbert og nauðsynlegt starf, engu síður en vistaöflun karlmannanna. Þetta breyttist er ættfeðrafjölskyldan fór að láta til sín taka. Stjórnin á búsýslunni taldist ekki lengur opinber þjónusta. Hún kom þjóðfélaginu ekki framar við. Hún varð einkaþjónusta. Eiginkonan varð þjónustu-mær, reyndar sú æðsta í hjúaflokknum. Hún var útilokuð frá þátttöku í félagslegri framleiðslu. Það er ekki fyrr en nú, að hún á aftur aðgang að þjóðfélagslegum framleiðslustörfum. Það er stóriðjan, sem því veldur, - og þetta nær reyndar aðeins til verkakonunnar. (Friedrich Engels; Uppruni fjölskyldunnar, einkaeignarinnar og ríkisins." Úrvalsrit I bls. 402-403).

Kosningaréttur kvenna

Árið 1882 eru sett fyrstu lög um kosningarétt kvenna. Ekkjur og ógiftar konur er standa fyrir búi og eru 25 ára eða eldri fengu rétt til að kjósa í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum. Sama ár eru einnig sett lög um að systkyni fái sama erfðahlut, áður höfðu konur aðeins fengið hálfan hlut á við bræður sína. Bríet Bjarnhéðinsdóttir er fyrsta konan hér á landi sem berst opinberlega fyrir rétti kvenna árið 1887. Eins og annarsstaðar í heiminum eru það menntaðar konur sem fyrst gera sér grein fyrir **kúguninni og rísa gegn henni.**

Bríet Bjarnhéðinsdóttir

"Hið íslenska kvenfélag"

Fyrstu samtök kvenna hér á landi "Hið íslenska kvenfélag" var stofnað fyrir atbeina Bríetar Bjarnhéðinsdóttur árið 1904, og barðist það fyrir jafnréttismálum kvenna svo sem kosningarétti, kjöfgengi, jafnrétti til skólanáms og embætta á við karlmenn. Fyrsta verkakvennafélagið á Íslandi var stofnað fyrir forgöngu Kvenréttindafélags Íslands 1914. Það var verkakvennafélagið Framsókn. Á þessum tíma unnu konur og karlar hlið við hlið í efiðisvinnu, oft 12-14 stundir á sólarhring og einnig voru konur í erfiðari vinnu en karlar.

Samt var tímakaup verkakonunnar aðeins helmingur af tímakaupi verkamannsins. Ekki var ástandið betra í sveitum. Vinnutími vinnukonunnar var yfirleitt lengri en vinnumannsins, en kaup hennar var helmingur af kaupi hans. Einnig var matarskammtur hennar oft hálfur karlmannsskammtur.

Með aukinni verktækni sem leysti mörg erfiðustu verkin, voru konur settar í störf sem krafist var mikils handflýtis og lagni og þau störf metin til lægri launa en störf sem kröfðust mikils vöðvaafls. Þetta var mjög hagkvæmt fyrir borgarana til að leyna auknu arðráni á verkakonum og er svo enn í dag og réttlætt með setningu sem slíkri, "létt störf, lág laun." Lögin um sömu laun fyrir sömu vinnu voru fyrst sett 1967, eftir harða baráttu verkakvenna, en þessi lög eru varla annað en nafnið tómt. Konur fá yfirleitt ekki aðra vinnu en sem konum er ætluð og launin eru lá í hlutfalli við vinnu karlmanna. Atvinnurekendur notfæra sér mismunandi starfsheiti, það er karl og kona vinna samskonar verk, en starfsheitin eru ekki þau sömu, þannig að starf konunnar er metið til lægri launa. En við lítum aftur á kröfur fyrsta Kvenréttindafélagsins. Konur hafa bæði fengið kosningarétt og kjörgengi, en hver er þátttaka kvenna í pólitísku starfi, hún er ekki mikil. Þær konur sem starfa á heimilum sínum eru yfirleitt félagslega einangraðar og ópólitískar, og þær sem vinna úti líta á starf sitt sem tímabundið aukastarf fyrir utan húsverkin og vinna því tvöfalt starf, en karlmaðurinn nýtur sinna fyrri forréttinda að koma ekki nálægt heimilisstörfunum. Ef við lítum svo á jafnrétti til mennta og embætta. Margt hefur áunnist í þessum málum síðan fyrsta konan lauk árspróf 4ða bekkjar lærðaskólans árið 1899 og lagalega er ekki nein hindrun í vegi, en samt stunda mun færri konur framhaldsnám en karlar. Uppeldið hefur þar mikið að segja. Allt frá byrjun, miðast uppeldi stúlkna að einu marki. þ.e. að gera þær að "góðum" eiginkonum og mæðrum. Gift kona með börn fær ekki tækifæri til að nota sína menntun.

Stúlkur úr verkalýðsstétt sem þurfa að vinna fyrir sinni skólavist treysta sér ekki til þess vegna lágra launa. Eitt af þeim málum sem ekki mikið hefur verið fjallað um er að viðurkenndur sé réttur kvenna til vinnu utan heimilisins til jafns við karlmenn. Það er að segja að konur geti verið vissar um að börnunum sér veitt fyllsta öryggi meðan þær vinna utan heimilisins. Konur úr verkalýðsstétt hafa yfirleitt orðið að vinna úti og eldri systkyni eða gatan séð um uppeldi barna þeirra.

"Ef konan gegnir skyldum sínum í einkaþjónustu fjölskyldunnar, er hún útilokuð frá þjóðfélagslegum framleiðslustörfum og getur ekki unnið sér neitt inn... Sérfjölskylda nútímans er grundvölluð á þrælkun konunnar á heimilinu, hvort sem hún er nú opinber eða dulklædd, - og þjóðfélagið er sett saman úr eintómum sérfjölskyldum. Þær eru sameindirnar í félagsheildinni." (F.E. s.r. bls. 403)

Konan og sósíalisminn

Í sósíalísku ríkjum nútímans t.d. Kína og Albaníu, stendur þessi barátta enn yfir. Í Kína þar sem ríktu lenskir atvinnuhættir að mestu fyrir byltinguna, hafa konur unnið hvern sigurinn á fætur öðrum í jafnréttisbaráttu sinni, t.d. í öllum stjórnum og nefndum eru 1/3 hluti konur og í Albaníu er barist fyrir því með hjálp ríkisins að gera heimilisstörfin félagsleg.

"Það mun sýna sig, að fyrsta forsendan fyrir frelsi konunnar er, að kvenþjóðin taki þátt í framleiðslunni. En skilyrði þess er, að sérfjölskyldan verði ekki lengur nein framleiðslueind í þjóðfélaginu. Sá eiginleiki hennar verður að hverfa."
(Friedrich Engels; "Uppruni fjölskyldunnar, einkaeignarinnar og ríkisins." Úrvalsrit I bls. 403)

HGd/SIA

Rauður vettvangur

Frá lesendum

LÆVÍS ÁRÓDUR

Eitt af lævísustu áróðursbrögðum borgaranna er hinn síglymjandi áróður um að á Íslandi ríki alger jöfnuður. Ísland sé stéttlaust þjóðfélag. Þessi áróður glymur manni um eyru allt frá barnsaldri, frá skólabókum í barnaskólum til fjölmiðlanna.
Einn af lesendum Stéttabaráttunnar vakti athygli ritstjórnarinnar á pistli sem birtist í lesbók Morgunblaðsins sunnudaginn 27 október sl. Pistill þessi, sem skrifaður var af Gísla Ástþórssyni, fjallaði um hinn "mikla jöfnuð" sem einkennir íslenskt þjóðfélag, og að mati höfundar er "jafnréttið etv. það eina sem er einkennandi fyrir það". Eitt er þó höfundi mjög þyrnir í augum, en það er "þeir pólitísku ofstækismenn sem standa á götuhornum og selja Stéttabaráttuna, og telja að stéttabarátta eigi að vera inntak lífsins" eins og hann orðar það. Sjálfur telur höfundur að á Íslandi sé stéttlaust þjóðfélag, og spyr lesendur þeirrar spurningar: Hvar annarstaðar getur togarasjómaður gengið á land og stofnað fyrirtæki, eða sonur verkamanns orðið prófessor eða bankastjóri?
Sá lesandi sem benti okkur á pistil þennan er sjálfur verkamaður og hefur fyrir 10 manna fjölskyldu að sjá. Sjálfur sagðist hann ekki þekkja neinn verkamann sem orðið hefur bankastjóri, en bætti við að kanski yrðu tveir elstu synir sínir, sem orðið hafa að hætta í skóla til að hjálpa honum við að framfleyta fjölskyldunni, einhverntíma í framtíðinni bankastjórar eða prófessorar.
Hann æskti þess að koma því á framfæri við lesendur Stéttabaráttunnar að þeir vöruðu sig á lævísum áróðri af því tagi sem fram kemur í umræddum pistli, og sagði að síðustu: "Þannig skrifa þeir einir sem hafa það nægilega gott til að koma ekki auga á misréttið í þjóðfélaginu."

Ritstjórnin kemur hér með þessum athugasemdum á framfæri og tekur undir orð hans.

ALLT MED MILLIFÆRSLUM

Íslenska auðvaldið á nú í sídýpkandi kreppu - þetta er staðreynd sem lesa má á síðum Moggans - en hvernig á að "leysa" kreppuna? Um það fjalla blöðin í þeim tón, að "nú verða allir að bera þyngri birðar" o.s.frv. Þessi orð, þótt hógvær séu og villandi um raunverulegt eðli "lausnar" auðvaldsins á kreppunni, bera með sér, að byrðar verkalýðsins þyngjast, en þau gefa jafnframt í skyn, að burgeisarnir ætli að hætta makindatilveru sinni og deila kjörum með verkafólki. En auðvitað er það fjarri - það er eftir sem áður verkalýðurinn sem verður að bera þunga auðvaldsarðránsins og allar "lausnir" auðvaldsins á kreppu eru á kostnað verkalýðsins. Talið um að "allir beri sinn hluta byrðarinnar" er eingöngu ætlað til þess að reyna að sætta verkalýðinn við kjaraskerðingarnar.

Einn liður til þess að auka byrðar verkalýðsins eru bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar "til bjargar sjávarútveginum". Dagblaðið Vísir fagnar að sjálfsögðu þessum lögum (í leiðara 23.9.) og lýsir þeim sem "afreksverki mannanna sem sömdu þau". En mestur er fögnuður Vísis sökum þess, að þessar aðgerðir "kosta ekki neinar álögur á almenning í landinu". Það var og! Engar byrðar - ekkert nema "millifærslur"! Nú á bara eftir að afturkalla vísitölufalsið, launafrystinguna, verðhækkanirnar og gengislækkunina, þar sem leysa má vandann með millifærslum. Það eru svona "afreksmenn" sem fyrrverandi ríkisstjórn hefur skort - hún réðist alltaf beint geng hag verkalýðsins. En einhver kann að spyrja hvaðan féð er komið sem fært er á milli? KM

ÁLYKTANIR 1. RÁÐSTEFNU KSML
Niður
komm
Reynslan af kjarabaráttunni
Um verkföll
Díalektísk og söguleg efnishyggja

Lesið bæklinga KSML

UM VERKFÖLL. (eftir Lenín)
50/- kr.
REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI.
(Ályktun Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga frá 1929 um baráttuaðferðir í verkföllum)
50/- kr.

ÁLYKTANIR 1. RÁÐSTEFNU KSML.
150 kr.

DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJAN (eftir Stalin)
(2. námsfundur í námshring KSML með formála og eftirmála KSML)
150 kr.

UM FLOKKINN
(5. námsfundur í námshring KSML með formála KSML) 150 kr.

P. Box
1357
Rvk.
Sími
27800.

LENÍN STALÍN forlagið

Einar Olgeirsson afhjúpaður á Alþingi

Í andans þöglu þurrabúðum
þar sem nöldrið ríkja má
reisast gat af ríkistrúðum
rismynd sveipuð kopargljá.

Auðsins mútuvettvang valdi
virðinn sem þann heiður hlaut,
svik hans launar góðu gjaldi
gróðans pakk, sem þeirra naut.

Fyrir öllum landsins lýðum
loks var tjaldið dregið frá
á auðvaldsþingsins þrælaþýðum
þökk og virðing mátti sjá.

En lygamarðar marki er brenndur
meðal landsins vinnulýðs
svikarinn, sem á stalli stendur,
stöng er honum reist til níðs.

Víl og háðung - verkamaður
veittu þessum tíkarbur,
er var að ending afhjúpaður,
sem auðsins dyggi liðsmaður.

(rot front)

Á dögunum heiðraði auðvaldið E.O. fyrir unnin störf í þágu þess, með því að afhjúpa brjóstmynd af honum í sölum Alþingis. Sjálfsagt hefur mörgum orðið á að segja - þar kom vel á vondann! - svo dyggilega sem hann vann að því að sneyða baráttu íslenska verkalýðsfjöldans byltingarinnihaldi sínu og beina henni inn á brautir borgaralega þingræðisins. Dauði Kommúnistaflokks Íslands og umbreyting hans í þá ömurlegu þingræðisvofu, sem nefnd er Alþýðubandalagið, er fyrst og fremst að þakka Einari og dyggustu fylgismönnum hans. Brjóstmyndin af þessum Júdasi íslenskrar verkalýðshreyfingar er verðugur legsteinn yfir þann broddborgaralega skriðdýrshátt, sem einkennir pólitík Alþýðubandalagsforystunnar. Alla vega er eitt öruggt - íslenskur verkalýður mun aldrei reisa Einari aðra minnisvarða en níðstöng, fyrir svik hans við verkalýðinn.

Stéttabaráttunni bárust fyrir skömmu meðfylgjandi vísur frá lesanda og þótti okkur þær sýna vel þann hug, sem byltingarsinnaðir verkamenn hljóta að bera til svikarans, sem auðvaldið velur að prýða þingsali sína með.

Ekki er ýkja langt síðan kommúnistar fóru óvirðingarorðum um Alþingi við hvert tækifæri og fannst jafnvel „Alþingi götunnar" heppilegri valdastofnun en Alþingi Íslendinga.

Þegar þetta er haft í huga eru það vissulega ánægjuleg tíðindi, að samherjar Einars Olgeirssonar skyldu óska þess við Alþingi, að það tæki við brjóstmynd af þessari miklu þingkempu og varðveitti hana.

Þeir, sem hlýddu á eldmóð Einars Olgeirssonar, er hann var upp á sitt bezta í þingsölunum, gleima því aldrei. Fljúgandi mælska og eldheitur áhugi endurspeglaðist í hverju orði. Þess vegna er það vissulega vel, að Alþingi geymi mynd hans, jafnvel þótt mikill meirihluti þjóðarinnar væri og sé ósammála þeim kenningum, sem hann boðaði. Hitt er líka ánægjulegt, að afstaða hans og samherja hans til Alþingis skuli hafa breytzt svo mjög sem þessi gjöf ber vitni.

ÞETTA KALLA ÞEIR BÆTT KJÖR!

Í hverju felast hin svokölluðu batnandi kjör verkalýðsins sem Alþýðubandalagið þreyttist aldrei á að tala um meðan það sat í ríkisstjórninni?

Með mikilli talnaspeki þóttist Þjóðviljinn sýna fram á, að kjör verkafólks færu sífellt batnandi á tímum "vinstri" stjórnarinnar. Talnaleikur Þjóðviljans byggir á því, að glugga í meðaltekjur, sem eru taldar fram til skatts og út frá þeirri hækkun sem þar kemur fram (sem eðlilega verður hærri með hverju ári - því ekki verður ódýrara að lifa) "reikna" út auknar tekjur verkalýðsins. Hversu fölsk þessi aðferð er, sést best á því að hækkaðar meðaltekjur verkafólks segja ekkert um það hvort kjörin hafi batnað - þessar tölur Þjóðviljans segja ekki annað en að verkalýðurinn hefur orðið að afla meiri tekna til þess að geta lifað sómasamlegu lífi. Nýlega komu fram tölur (í Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar) sem afhjúpuðu enn frekar þessi svokölluðu batnandi kjör. Þar kemur skýrt fram (sjá töflu), að verkafólk hefur orðið að leggja fram sífellt aukna eftir- og næturvinnu til þess að geta lifað.

Og þessi þróun heldur áfram - þar til til að eftir- og næturvinna verður tekin af og atvinnuleysið heldur innreið sína.

-/hh

Ár	Verkamenn			Iðnaðarmenn			Verkakonur		
	Dv.	Ev.	Nv.	Dv.	Ev.	Nv.	Dv.	Ev.	Nv.
1970	70,1	14,5	15,4	74,6	12,0	13,4	91,4	4,6	4,0
1971	68,9	15,5	15,6	73,1	12,9	14,0	89,6	5,2	5,2
1972	65,5	15,4	19,1	69,2	14,1	16,7	88,1	6,0	5,9
1973	61,3	15,4	23,3	65,5	14,8	19,7	86,7	6,3	7,0
1974	60,3	15,9	23,8	63,9	14,9	21,2	85,5	5,0	9,5

(Taflan sýnir hlutfall (í hundraðshlutum) dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu af heildartekjum verkafólks.)

STRAUMSVÍK

FRH. AF FORSÍÐU

Aðspurður hvers vegna hann hefði ekki mætt sagði einn þeirra: "Ég er ekki að láta hafa mig að fífli með því að vera að mæta á fundi, þar sem vilji manns og skoðun er algerlega hundsuð af forystunni." Með þessu átti hann við, þegar Hermann, form. Hlífar, hótaði að láta sér trygga menn utan Straumsvíkur samþykkja Straumsvíkursamningana, ef Straumsvíkurverkamennirnir felldu þá sjálfir. Ástæðan fyrir því, að Hermann getur hótað þessu, er einfaldlega sú, að þeir einir mega vera meðlimir í Hlíf, sem búa í Hafnarfirði, þannig að lagalega séð getur verkalýðsforystan í Hlíf útilokað alla þá verkamenn í Straumsvík, sem búa utan Hafnarfjarðar frá allri atkvæðagreiðslu um sína eigin kjarasamninga. Reglan um þátttöku í verkalýðsfélögum kveður nefnilega svo á um, að maður verði að vera í því verkalýðsfélagi, sem hefur samningsrétt í því umdæmi, sem maður býr í, en ekki eftir því, hvar viðkomandi vinnur.

Félagar verkamenn í Straumsvík. Það hefur sannast oft og mörgum sinnum, að endurbótasinnaða forystan gengur erinda auðvaldsins. Eina leiðin fyrir okkur er að skipuleggja okkur sjálfstætt. Hefjum baráttu fyrir myndun samfylkingarnefndar og tökum samningsréttinn í eigin hendur. Aðeins þannig getum við náð fram kröfum okkar. Treystum á eigin krafta - víkjum uppkeyptu forystunni úr vegi okkar.

-/Straumsvíkursella KSML

VERKAMENN...

FRH. AF FORSÍÐU

hendi, gátu þeir ekki leikið þær á fundinum í vor. Hafnarverkamenn höfnuðu samningunum og fengu þeim breytt. Þegar Eðvarð gerði sér ljós mistök sín, reyndi hann að breiða yfir þau með því að klúðra inn á samningana orðunum "með fyrirvara". Þessi tilraun til að fela hin ólýðræðislegu vinnubrögð Dagsbrúnarforystunnar og svik hennar við hagsmuni verkamanna, gat þó tæplega dulist þeim sem voru á fundinum.

Makk Dagsbrúnarforystunnar við kapitalistana var of augljóst til þess.

Kapitalistarnir hafa ekki gefist upp.

En Eimskipafélagskapitalistarnir hafa engan veginn gefist upp. Minnkandi gróði vegna minnkandi útflutnings og samdráttar í verslun og iðnaði, knýr þá til að reyna að halda gróða sínum óskertum með því að lækka launin hjá verkamönnunum sem vinna við höfnina. Þegar í dag 6/11 á að leggja fyrir almennan fund hafnarverkamanna samninga, sem hljóða upp á víðtækar kjaraskerðingar, sem Dagsbrúnarforystan og Eimskipafélagskapitalistarnir kalla "hagræðingu". Samningarnir fela í sér beina kauplækkun, þar sem seinni kaffitíminn er fluttur til 16.40 og sleppt ef aðeins er unnið til 17.00. Því að samtímis þessu er ákvæði um að aðeins skuli greidd laun frá því komið er til vinnu og þar til hætt er. Þetta mun þýða, að aðeins verður greitt kaup til 16.40 þá daga sem dagvinna er bara unnin, eða m.ö.o. að greiðslu á kaffitíma verður sleppt.

Ennfremur fela samningarnir í sér að krafist er aukinna vinnuafkasta fyrir sömu laun, sem einnig er kauplækkun, þó hún sé í formi aukins álags. Það á semsagt að fækka mönnum í lest um helming, úr 8 niður í 4. Þar að auki á verkstjóra, skv. samkvæmt samningnum, að vera heimilt að kalla menn upp úr lest til að vinna ofan þilja, til hagræðingar", eins og það er kallað. Loks felur samningurinn í sér að afnumin verði greiðsla fyrir heimkeyrslu þegar unnin er næturvinna.

Varist sundrungu - standið saman.

Dagsbrúnarforystan og Eimskipafélagskapitalistarnir reyna að sá sundrungu meðal verkamanna við höfnina, til þess að koma kauplækkunaráformum sínum í framkvæmd. Þannig hafa þeir sem vinna á bakkanum og í skemmunum verið látnir óáreittir í bili, að því er varðar vinnuálag, en það aukið í lest. Síðar munu kapitalistarnir örugglega reyna að skerða kjör þeirra líka. Þessi aðferð - að taka einn hóp verkamanna fyrir í einu og treysta á að ekki skapist samstaða milli þeirra, er alkunn og hættuleg.

Ef það fordæmi skapast, að verkamenn í skemmu láti það viðgangast að félagar þeirra í lest bíði kjaraskerðingu, án þess að lýsa yfir samstöðu sinni og taka upp baráttu með þeim, mun það verða Eimskipafélagskapitalistunum hvatning til að ganga enn lengra í kauplækkunaraðgerðum sínum.

Á Dagsbrúnarforystuna þýðir ekki að treysta - hún stendur í vitorði með kapitalistunum við að knýja fram beina launalækkun, aukið vinnuálag og minni réttindi verkamanna á vinnustaðnum.

Eina leiðin er að treysta á samstöðu þeirra verkamanna, sem vinna á höfninni, því að hún ein getur hrundið kjaraskerðingarárásum Eimskipafélagskapitalistanna.

Það er ekki einasta á höfninni, sem fordæmi getur skapast fyrir beinni kjaraskerðingu, heldur munu kapitalistar í öðrum greinum framleiðslunnar taka mið af henni og reyna að framkvæma kjaraskerðingu líka.

Félagar á höfninni. Látið ekki sundra ykkur í baráttunni. Standið saman gegn kauplækkunaráformum Dagsbrúnarforystunnar og Eimskipafélagskapitalistanna. -/kg

SEINUSTU FRÉTTIR

frh. af forsíðu

samningana út og mælti eindregið með þeim. Síðan var orðið laust og voru aðeins örfáir verkamenn sem mæltu samningunum bót, en hinir voru fleiri, sem fordæmdu þá. Kom fram í málflutningi fjölda verkamanna að samningur þessi væri skerðing á kjörum, og nú ætti að selja burt réttindi sem áunnist hefðust í verkalýðsbaráttunni.

Mikil reiði var yfir starfsemi verkalýðsforystunnar í faglegum málum hafnarverkamanna, þar hefði hún næsta lítið gert. Verkalýðsforystan barðist fyrir því með klóm og kjafti að samningarnir sem auka gróða Eimskips yrðu samþykktir.

Á þessum fundi fengu margir enn eina staðfestingu á því hverjir væru hinir raunverulegu svikarar í verkalýðsbaráttunni. Tillaga og kröfur um að kosin yrði samninganefnd sem í væru verkamenn á höfninni kosnir af öllum, og að atkvæði um svikasamninginn væru greidd á fundinum var svarað með reiðihrópum frá Gvendi jaka og Halldóri Björnssyni. Þeir vildu frekar að atkvæðagreiðslan færi fram á skrifstofu Dagsbrúnar eftir vinnu á morgun. En það fá ekki allir að kjósa og var þetta ákveðið af Gvendi og Ebba, í trássi við lög félagsins. Atkvæðagreiðslan um þessa tillögu var ekki leyfð á fundinum. Fjölmargir verkamenn á höfninni eru sammála um að koma verði upp andstöðuliði innan Dagsbrúnar, til að afhjúpa svik forystunnar, og vinna að því að sparka þeim burt út úr verkalýðsfélaginu, og fá heiðarlega verkamenn í þeirra stað.

Félagar Kommúnistasamtakanna
á höfninni.

HVER BORGAR?

FRH. AF FORSÍÐU

ur að hræða verkalýðinn frá sósíalismanum, og breiða yfir stéttamótsagnirnar. Þannig er, að Soltsénitsin má ekki hósta án þess að það sé birt í Morgunblaðinu ásamt fréttaskýringu sem fjallar um slæma aðbúð í Síberíu, en þó að á undanförnum mánuðum hafi stórfelldar kjaraskerðingar dunið yfir og framið hafi verið stórfellt kauprán þá hefur Morgunblaðið, "málsvari hlutlausrar fréttamennsku" ekki séð ástæðu til að minnast á það.

Þrátt fyrir að talsmenn fjármálaauðvaldsins höfði alltaf til "þögla meirihlutans" til að fá stuðning fyrir gerðir sínar, er því ekki svo farið að þessi "þögli meirihluti" sé fyrir hendi. Staðreyndin er sú, að það er hávær minnihluti, fjármálaauðvaldið og talsmenn þess, sem standa að baki öllum þessum hræðsluáróðri og kjaftæði um vestræna frjálsa menningu. Sú undirskriftaherferð sem nú er í gangi er talandi dæmi um þetta. Hvaðan fá "menningarfrömuðir" á borð við Hreggvið skriftaföður fjármagn til að standa að þessari undirskriftasöfnun? Undirskriftasöfnunin hefur opna skrifstofu og starfsmenn á launum, auglýst er í öllum fjölmiðlum á hverjum degi, og allt kostar þetta mikla peninga. Það skyldi þó aldrei vera að SIA borgaði brúsann? Vert er að minnast þess, að fyrirbærið "frjáls menning" sem upp kom 1956 í kringum umræðurnar um hersetuna þá, var afhjúpað sem fulltrúi CIA, og var rekið fyrir bandarískt fjármagn. Tengsl þeirra sem að þessari undirskriftasöfnun standa við bandarísku heimsvaldastefnuna eru of augljós til að hægt sé að varpa frá sér þeim grun að CIA standi á bak við.

-/ÓI

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

Reitur til áskriftarmerkingar.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

TIL ÁSKRIFENDA Á AKUREYRI

Það hefur komið í ljós, að áskrifendur á Akureyri hafa verið krafðir um áskriftagjöld fyrir blöð KSML, STÉTTABARÁTTUNA og RAUÐA FÁNANN, af fólki sem ekki er viðkomandi samtökunum. Sú skemmdarstarfsemi, sem nú er unnin af fyrrverandi félögum Akureyrardeildar KSML felst m.a. í því að krefja áskrifendur að blöðum KSML um árgjald sem þeir svo stinga í eigin vasa til að fjármagna eigin útgáfu. Ritstjórn STÉTTABARÁTTUNNAR bendir öllum áskrifendum á Akureyri, sem enn hafa ekki verið heimsóttir af þessum "rukkurum", á að greiða aðeins áskriftir í gegnum póstkröfu eða póstávísun framvegis, beint til KSML. Til þeirra sem hafa greitt árgjöld blaða KSML allt frá marsmánuði til skemmdarverkamannanna beinum við þeirri áskorun að krefja þá um endurgreiðslu. Tapið af þessum stuldi mun KSML bera - og við biðjum þá áskrifendur forláts, sem hafa verið tvírukkaðir af þessum orsökum.

-/Ritstjórn

Félagar áskrifendur.

Enn einu sinni verðum við að brýna fyrir þeim, sem flytja, að tilkynna til blaðsins nýja heimilisfangið.

Venjuleg áskrift: kr. 400,oo.
Stuðningsáskrift: kr. 600,oo.
Baráttuáskrift: kr. 800,oo.

TÒNNIN SENDUR AFTUR

Í októberblaði Nýrrar Dagsbrúnar er grein, sem er beint til KSML. Tilefni greinarinnar eru sárindi höfundar (Gj. B.) yfir því, að "marx-lenínistarnir sendu okkur tóninn í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar". Ástæða þess, að við svörum "tóninum" frá Gj. B. er sú, að í grein hans eru rangfærslur. Gj. B. fullyrðir sem sagt, að KSML sé stjórnað erlendis frá, nánar til tekið frá "sænska flokknum" (hér á Gj. B. væntanlega við KFML (r)). Hann segir: "...þar til að sænski flokkurinn gaf þeim nýja lína" og að hann "...óski þess heils hugar að Svíarnir grípi ekki aftur um stjórnvölinn." (Að vísu er mótsögn í þessu hjá Gj. B., **því hann segir að** Svíarnir "sendi nýja línu" - og hins vegar að þeir hafi "sleppt taki sínu á stjórnvölnum" - en látum það liggja milli hluta). Þessi sami Gj. B. hefur áður ritað grein í Nýja Dagsbrún um KSML og afstöðu þeirra til verkalýðsfélaganna ("Að loknum kosningum"), þar sem hann lýsir fáfræði sinni um afstöðu okkar og talar um "einhvers konar uppgjör" innan samtakanna. En nú hefur Gj. B. greinilega lagt heilann í bleyti og komist til botns í þessu uppgjöri. Hann leggur nú saman tvo og tvo og fær út - ekki óvænt - fimm! Nefnilega að KFML(r) hafi skipt um línu (eða sent a.m.k. undirdeildinni hérlendis, KSML, nýja línu) og því **sé breyting á afstöðu KSML ekkert** annað en eftiröpun (eða hlýðni) við afstöðubreytingu Svíanna. En ef Gj. B. hefði lagt á sig að kynna sér afstöðu KFML(r), bæði fyrir og eftir að KSML gerðu upp við fyrri afstöðu (eða afstöðuleysi), þá hefði hann komist að raun um, að KFML(r) hefur ekki breytt um afstöðu gagnvart verkalýðsfélögunum. (Í 12. tbl. Stéttabaráttunnar kemur grein sem skýrir að hluta afstöðu KFML(r) og KSML).

Vangaveltur og hugarflug Gj. B. er því tóm þvæla og byggir á þekkingarskorti hans - sem auðvitað er afleiðing af því að hann og hans félagar í Sósíalistafélgi Reykjavíkur hafa lagt allt raunhæft starf á hilluna og eru á niðurleið

Allt frá því að þeir höfnuðu inngöngu í Alþýðubandalagið er það starfsleysið og stöðnunin, sem einkennt hefur Sósíalistafél. R. Starf og stefnuleysi þessa pólitíska rekalds sést glögglega á því, að þeim hefur ekki enn tekist að gera upp við gömlu stefnuskrá Sósíalistaflokksins, sem þeir viðurkenna þó að sé röng og þeim hefur heldur ekki tekist að taka afstöðu til deilnanna í heimshreyfingu kommúnismans. Það sem einkennir því Sósíalistafélag Reykjavíkur er stefnuleysi og starfslömun, sem á engan hátt neitt skylt við KSML.

-/hh

Baldur Andrésson meðlimur í stjórn Sósíalistafélags Reykjavíkur og framámaður í Fylkingunni málar líkkistu.
Er undirbúningur að pólitískri jarðaför SR og Fylkingarinnar hafinn?